



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Rauðhóll

Starfsáætlun 2021 – 2022



Vinátta – Virðing – Vellíðan

Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

Efnisyfirlit

1	Greinargerð leikskólastjóra	3
2	Greinargerð verkefnastjóra	6
3	Innra og ytra mat.....	7
3.1	Innra mat leikskólans fyrir 2020-2021.....	7
3.2	Langtímaáætlun um innra mat í leikskólanum Rauðhól.....	11
3.3	Ytra mat - viðhorfskönnun starfsfólks á vegum SFS	12
3.1	Ytra mat - Viðhorfskönnun foreldra á vegum SFS	13
3.2	Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022.....	14
4	Innra mat hverjar deildar fyrir sig skólaárið 2020 - 2021	18
4.1	Gula deild - Börn fædd 2018 og 2019.....	18
4.2	Græna deild – Börn fædd 2018	19
4.4	Bláa deild – Börn fædd 2017	25
4.5	Ævintýralundur – Börn fædd 2017	26
4.6	Ævintýrahóll – Börn fædd 2016 og 2017	27
4.7	Ævintýradalur – Börn fædd 2016	29
4.8	Ævintýraland – Börn fædd 2015.....	31
4.9	Ævintýraeyja – Börn fædd 2015	37
4.10	Björnslundur – Börn fædd 2015 - 2017	44
5	Innra mat sérkennslu.....	48
5.1	Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022.....	48
6	Innra mat – fjöltyngd börn	49
6.1	Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021	49
6.2	Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022	49
7	Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	50
7.1	Skólaárið 2020 – 2021.	50
7.2	Skólaárið 2021 – 2022.	53
8	Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	54
9	Foreldrasamvinna.....	55
9.1	Foreldrafélag skólaárið 2020 – 2021:	55
9.2	Foreldraráð skólaárið 2020 – 2021:	55
10	Skipulagsdagar og leikskóladagatal	57
11	Fylgigögn.....	58
11.1	Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	58



Leiðarljós Rauðhóls

Að börn og starfsfólk fá tækifæri til að nýta eigin styrkleika og

blómstra þannig í leik og starfi

1 Greinargerð leikskólastjóra

Veturinn hefur verið ævintýrlegur með mörgum áskorunum sem flestum hefði sennilega ekki órað fyrir að eiga eftir að upplifa. Segja má að stærsta áskorunin hafi verið allar þær sóttvarnaraðgerðir sem samfélagið upplifði á þessum fordómalausum tímum. Sóttvarnarreglur kröfðust þess að við í okkar stóra skóla skiptum starfsstöðvum upp í fimm sóttvarnarhólf stóran hluta skólaársins. Þessar reglur gerðu það að verkum að skipuleggja þurfti margt í starfinu upp á nýtt sem oft á tíðum var strembið. Ekki var hægt að samnýta starfsfólk í upphafi og lok dags eins og tíðkast hefur hjá okkur í gegnum árin. Einnig náði starfsfólk ekki að vera allt saman á skipulagsdögum né starfsmannafundum og varð því mikil gleði í byrjun júní þegar við gátum öll hist á fundi í fyrsta skipti á þessu skólaári. Sumt af okkar starfsfólki var að hittast í fyrsta skipti þrátt fyrir að hafa starfað við skólann stóran hluta skólaársins. Þrátt fyrir þessa fordómalaus og erfiðu tíma að þá er hægt að líta til þess að við lifum á tækniöld sem nýttist okkur vel. Við nýttum okkur fjarfundabúnaði fyrir fundi og námskeið sem er af hinu góða. En við fundum að fjarfundabúnaðurinn nýttist ekki vel í teymisvinnu hjá okkur en við höfum haft það að markmiði að vinna þvert á húsin í þeirri vinnu. Ekki náðist sami kraftur í samræður eins og næst þegar fólk hittist í raunheimi. Foreldrar fengu ekki að koma inn til okkar allan veturinn sem leiddi af sér auka álag í daglegu starfi starfsfólks.

Um áramótin tók í gildi nýir kjarasamningar sem fólu meðal annars í sér styttingu vinnuvikunnar. Skipuð var sex manna nefnd innan skólans sem stillti upp nokkrum möguleikum og var niðurstaða kosninga á meðal starfsfólks að færa vinnuvikuna strax í 36 stundir miðað við 100% starf. Varð þá að ganga í miklar skipulagsbreytingar og nefndin stóð sig mjög vel í þessu starfi sem er ein mesta skipulagsbreyting í sögu leikskólans. Stytting vinnuviku hefur þau áhrif að við þurfum að auka í starfsmannahaldinu en þessa sex mánuði unnu stjórnendur leikskólans mikið á deildum til þess að dagarnir gengu upp. Má því segja að það hafi komið niður á starfi þeirra. Þetta var leið sem við völdum þar sem þessa miklu breytingar eru kostnaðarsamar þó svo að þær eigi ekkert að kosta. Einnig fannst okkur mikilvægt að verkefnið yrði farsælt og við vildum gera allt til þess að verkefnið gengi upp. Einnig vissum við að næsti vetur yrði þungur í fríum starfsmanna vegna ferða erlendis og vildum við fara inn veturinn réttu megin fjármála lega séð.

Höfum við nú starfað eftir þessu í sex mánuði og eru skiptar skoðanir meðal starfsfólks um kosti og galla á þessu fyrirkomulagi. En eins og réttilega er bent á að þá þurfa börnin á kennurum sínum að



halda í leik og starfi og því þyrfti að koma inn aukið fjármagn til að hægt væri bæta við starfsfólki til að þetta gangi enn betur fyrir sig. Spurning er hvort þetta komi til með að hafa áhrif á samkeppnisstöðu okkar á vinnumarkaði því tvímælalaust er þetta fyrirkomulag mikil lífsgæði fyrir starfsfólk. En á móti eykur þetta álag á þá sem eftir eru á deildinni hverju sinni. Von okkar er að börnin fái einnig að upplifa styttingu á leikskóladeginum en Ísland er með einn lengsta skóladag leikskólabarna í Evrópu.

Í vetur höfum við fært alla okkar vinnu í Völu appið þ.e. póstar og allar upplýsingar til foreldra. Það er sorglegt hve illa er staðið að endurbótum á kerfinu sem er á svo margan hátt svo gagnlegt og gott. En viðmót starfsmanns er óþarflega flókið og því nær starfsmaðurinn ekki að nýta appið til fullnustu. Til þess að þetta sé notendavænna þarf að leita leiða við endurbætur á kerfinu fyrir Reykjavíkurborg en Advanía hefur ekki náð því.

Þann 10. maí var Menntastefnumót á vegum Reykjavíkurborgar vegna innleiðingar nýju menntastefnunnar. Þetta mót átti að vera í raunheimi í Hörpu en útaf „dotlu“ var það ekki hægt og því kom tæknin að góðum notum. Við ákváðum að taka þátt þennan dag og gerðum myndband um hvernig flæði birtist í daglegu starfi skólans með tilliti til Menntastefnunnar. Mixtúra tók upp fyrir okkur og setti saman myndband sem var frumsýnt þennan dag. Við vorum mjög stolt af þessi verki og mun það nýtast okkur við kynningu á okkar skólastarfi. Við fengum nokkra skjávarpa að láni og gátum því dreift starfsfólkinu okkar vel í tveimur af okkar húsum og gat hver og einn valið hvaða efni hann vildi hlýða á. Algjörlega í anda okkar starfs að einstaklingar fái að virkja eigið áhugasvið.

Hin árlega Barnamenningarhátíð á vegum Reykjavíkurborgar fór fram með nýju sniði að þessu sinni. Meðal annars var hægt að sækja um styrk til að vera með uppákomur víðsvegar um borgina. Við sóttum um og fengum styrk til að vera með uppskeruhátíð á Vínafundunum okkar sem við höfum streymt á veraldarvefnum einu sinni í viku í vetur. Þráinn Árni Baldvinsson stjórnar þessum fundum og höfum við fengið skilaboð víðsvegar að bæði innanlands og utan þar sem fólk lýsti ánægju sinni með þetta streymi okkar. Því kom Mixtúra og tók upp vínafund sem fram fór utandyra ásamt dansatriði sem Yesmine Olsson stjórnaði. Þetta var vel lukkaður dagur og er myndbandið aðgengilegt á síðu Barnamenningarhátíðar.

Reksturinn gekk ágætlega, hér var full starfsemi og allir lögðust á eitt að börnin finndu sem minnst fyrir þessum þjóðfélagslegu aðstæðum. Börn eru viðkvæm en ég tel að þau hafi upplifað meiri ró yfir öllu í samfélaginu meðan á þessum aðgerðum stóð. Lítið var um veikindi í barnahópnum og þau í góðu jafnvægi. Við höfum mikla sérþekkingu þegar kemur að sérkennslu og reyndist hólfaskiptingin okkur mjög illa í faglegum vinnubrögðum og samnýtingu á fólki. Þessi þáttur mun koma fram í rekstri ársins.



Starfsmannahópurinn var einnig lítið sem ekkert frá vinnu fyrri hluta skólaárs en nýtt ár kom inn með miklum þunga og var mikið um slys og veikindi hjá starfsfólki. Það leiddi af sér að óvissu ástand skapaðist hjá okkur þann 16. mars þegar menntamálaráðherra lokaði öllum skólaföngunum en gleymdi fyrsta skólastiginu þ.e. leikskólum. Við vorum ekki viss um að geta opnað okkar skóla vegna manneklu þar sem bæði var um veikindi hjá starfsfólki að ræða og einnig erum við með marga sem eiga börn í fyrstu bekkjum grunnskóla sem þurftu að vera heima með sínum börnum. En með samstilltu átaki í mínum frábæra starfsmannahóp þá tókst okkur að láta þetta ganga upp. En þessi gjörningur situr enn í okkur og er það von okkar að þetta komi ekki fyrir aftur. Því eins og við sáum í leikskólanum Jörfa að þá er þessi veira þess eðlis að ef hún kemur til okkar þá fáum við litlu ráðið.

Í upphafi skólaárs tókum við þá ákvörðun að geyma nokkur pláss í leikskólanum til að geta tekið þátt í svonefndu Ellu verkefni. Um er að ræða spennandi verkefni á vegum borgarinnar með það að markmiði að styðja við ungar einstæðar mæður. Þessi ákvörðun leiddi af sér að mikil aðlögun og flutningur á milli deilda var um áramót þegar við tókum börnin í tengslum við þetta verkefni inn til okkar.

Þegar skóla- og frístundasvið kom og framkvæmdi ytra mat hjá okkur kom fram að fleira fagmenntað starfsfólk var á Ævintýrum hjá okkur heldur en á Litum. Við settum okkur það markmið að vinna í að jafna hlutfallið á milli húsa. Því var leitað leiða til að vinna að þessu markmiði og var meðal annars mikið af þungavigtafólki fært á Litina. Við sjáum að þetta hefur skilað árangri og munum við halda áfram á þessari braut á næsta skólaári.

Framkvæmdir voru á húsnæði Ævintýra á skólaárinu og var Eyjan lokað í sjö vikur. Því voru börn og starfsfólk á flakki í húsunum okkar sem reyndi verulega á allan hópinn. Stefnir allt í áframhaldandi framkvæmdir á næsta skólaári en fara á í endurhönnun á eldhúsinu og stækka salinn á Ævintýrum. Einnig er áætlað að haldið áfram viðgerðum á gluggum bæði á Litum og Ævintýrum. Það er von okkar að þetta verði gert í mikilli samvinnu þannig að þetta gangi vel upp.

Maí mánuðurinn var mikill gleði mánuður þegar fólkið okkar fór í bólusetningu og gefur það okkur mikla von í hjarta. Við erum óendanlega þakklát börnum, foreldrum og starfsmönnum fyrir umburðarlyndi og sveigjanleika á þessum fordómalausum tímum.

Von okkar er Reykjavíkurborg geri fjölskyldustefnu þar sem leikskóladagur barna er stytur og festur að ekki verði hægt að kaupa níu tíma vistun fyrir börn.

Guðrún Sólveig, leikskólastjóri



2 Greinagerð verkefnastjóra

Í umbótaáætlun var m.a. sett fram að vera með innleiðingu á skólanámskránni ásamt nýliðafraeðslu. Þessi vinna átti að fara fram í litlum hópum þvert á húsinn. Þar sem við erum með mjög stóran skóla þá var okkur skipt upp í mörg sóttvarnarhólf sem skapaði þær aðstæður að ekki náðist að setja þessa hóp saman. Reynt að var nýta fjarfundabúnað á milli húsa en starfsfólk náði ekki upp þeim krafti og þeirri gagnrýnu umræðu á fjarfundum eins og það vill fá. Það skapaðist meðal annars af því að ekki er til fjarfundabúnaður fyrir hvern og einn. Vegna sóttvarna var ekki hægt að sameinast um búnaðinn. Þeir fáu fundir sem við náðum að halda í raunheimi skapaði þær aðstæður og árangur sem starfsfólk kallar eftir. Fjarfundabúnaður gafst betur á deildastjórafundum þar sem hver deildastjóri hefur sinn búnað. Eins og fram kom í starfsáætlun síðasta skólaárs var unnið að innleiðingu svefnstefnunnar og hélt sú vinna áfram í vetur og er þetta stefna sem hefur fest sig í sessi.

Eftir áramót bættist stytting vinnuvikunnar við með tilheyrandi púsli við að láta daginn ganga upp án þess að fá inn aukið fjármagn. Eins og gefur að skilja þarf eitthvað að undan að láta við þær aðstæður og var erfitt að koma fyrir hinum ýmsu fundum. Það átti ekki síst við um hin ýmsu teymi gátu hist og markað stefnu í sinni vinnu í samræmi við starfsáætlunin. En stefnan er sett á að á næsta skólaári verði fundin betri lausn meðal annars með því að leggja áherslu á að vera ekki með öll teymin virk heldur rúlla þeim á milli skólaára. Á næsta skólaári leggjum við áherslu á að skapa aðstæður fyrir Læsteymi, teymi um nám og þroska barna og Fjöltýngisteymi til að markað stefnu fyrir skólann í þeim málaflokkum. Útiteymið mun halda áfram störfum vegna A-hluta Menntastefnunnar ásamt því að áhersla verður sett á teymi um einingakubba í tengslum við styrk sem við fengum frá Sprotasjóði um Læsi drengja í einingakubbum. Á vormánuðum fengum við vitneskju um að við erum þátttakendur í samstarfsverkefni B-hluta Menntastefnu Reykjavíkurborgar í tengslum við hreyfingu. Við eigum eftir að fá nánari útlistingu á hvernig þeirri vinnu verður háttað.

Sigríður Sigurjónsdóttir og Elín Guðrún Pálsdóttir, verkefnastjórar



3 Innra og ytra mat

3.1 Innra mat leikskólans fyrir 2020-2021

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Stjórnun								
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Unnið sé eftir verklags-reglum um móttöku nýrra starfs-manna	Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfshætti leikskólans fyrir nýliða og fræðslu-herferð ýtt úr vör	Leik-skóla-stjóri, aðstoð-arleik-skóla-stjórar, verk-efna-stjórar	Apríl 2020	Júní 2021	Gátlisti	Fræðsluefni og verklags-reglur tilbúnar fyrir nýtt starfsfólk	Fræðsluefni fyrir starfsfólk er tilbúið en ekki kom til framkvæm-dar þess vegna COVID-19
Hand-leiðsla	Innleiða stefnu Reykja-víkurborgar um hand-leiðslu í starfi fyrir deilda-stjóra	Deilda-stjórar fá reglulega tækifæri til hand-leiðslu	Leikskól astjóri Aðstoð-arleik-skóla-stjórar	Sept. 2020	Maí 2021	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegri deildar-stjórar	Handleiðsla fór fram að einhverju leyti innan leikskólans, mætti vera markvissari
Faglegt samstarf	Leik-skólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS	Nýliðar munu fara á nýliða-fræðslu á vegum SFS	Aðstoð-arleik-skóla-stjórar	Okt. 2020	Júní 2021	Gátlisti	Allir nýliðar hafi sótt fræðslu hjá SFS	Ekki komið til framkvæm-dar vegna COVID-19
Heimasíða leikskólans	Heima-síða leik-skólans endur-spegli starf leikskólans þar sem hægt er að nálgast hagnýtar	Safna saman gögnum og setja á heimasíðu leik-skólans	Aðstoð-arleik-skóla-stjóri	Sept. 2020	Apríl 2021	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Heimasíða leik-skólans sé lifandi og innihalds-rík	Heimasíða hefur verið uppfærð að hluta. Það vantar betra aðgengi í vefumhverf i frá Reykjavíku rborg



	upplýsingar, skólánámskrá, skýrslur o.fl.							
--	---	--	--	--	--	--	--	--

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
2. Uppeldis- og menntastarf								
Námssvið leikskólans	Ritmál sé sýnileg innan leikskólans	Merkja efnivið með bókstöfum og myndum. Setja upp bókstafi og tölustafi á allar deildir	Læsis-teymi. Deilda-stjórar	Mars 2020	Ágúst 2020	Ljósmyndir	Að allur efniviður sé merktur með myndum og orðum. Að bókstafir og tölustafir séu sýnilegir á öllum deildum	Markmið náðist
	Unnið sé markvisst að eflingu læsis í viðum skilningi og það endurspeglar bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi	Læsisstefna Rauðhóls verður dýpkuð sem endurspeglar á öllum deildum	Læsis-teymi og deilda-stjórar	Okt. 2020	Júní 2021	Gátlisti, Rýnihópur barna	Endurbætt læsisstefna Rauðhóls er tilbúin	Vegna náðist ekki vegna COVID-19 aðstæðna. Færist yfir á næsta skólaár
Mat á námi og velferð barna	Áætlun verður gerð um mat á námi og velferð barna	Útbúin verða viðmið um mat og nám á velferð barna út frá stefnu Rauðhóls	Teymi um nám og þroska barna, deilda-stjórar	Okt. 2020	Nóv. 2021	Gátlisti	Ný og endurskoðuð viðmið um mat á námi og velferð barna verði tilbúin	Er í vinnslu og heldur áfram á næsta skólaári
	Reglulegar skráningar séu gerðar á fram-	Útbúin verði aldurstengt viðmið um skráningar á framför barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og	Okt. 2020	Nóv. 2021	Gátlisti	Skráningar eru reglulegar út frá nýrri áætlun um mat á námi	Er í vinnslu og heldur áfram á næsta skólaári



	förum allra barnanna		deilda- stjórar				og velferð barna	
	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna	Útbúinn verði matslisti á námi og stöðu barna út frá starfsaðferðum Rauðhóls sem verður viðbót við það sem nú þegar er gert	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Okt. 2021	Ferilmöppur Íslenski þroskalistinn EFI-2 Hljóm-2 (TRAS) Matslisti Rauðhóls á námi og velferð barna	Notast er við fjölbreyttar aldurs- og þroska- tengdar matsaðferðir á námi og stöðu barna	Er í vinnslu og heldur áfram á næsta skólaári
	Börn taki þátt í að meta nám sitt	Notast verður við broskalla og demanta- aðferð með börnunum	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Júní 2021	Gátlisti	Vinna við áætlun er hafin	Er í vinnslu og heldur áfram á næsta skólaári
	Börn fái tækifæri til að setja sér markmið	Sett verður inn í foreldra- viðtalsformið umræðu- punktur um markmiðs- setningar barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Okt. 2021	Gátlisti	Í árlegum foreldra- viðtölum verði skráð niður markmið barnsins sem það hefur sett sér í samvinnu við foreldra	Er í vinnslu og heldur áfram á næsta skólaári

MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Innra mat								
Skipulag og viðfangsefni	Að starfsfólk tileinki sér starfsaðferðir starfendannsóknna	Fá fræðslu um starfendannsóknir	Leikskóla- stjóri, aðstoðar leikskóla- stjórar	Nóv. 2020	Júní 2021	Gátlisti	Mat og ígrundun leikskólakennara og annarra starfsmanna á eigin starfsháttum er liður í	Er í vinnslu og heldur áfram á næsta skólaári



							daglegu starfi þeirra	
Gagnaöflun og vinnubrögð	Gert er ráð fyrir í skóladagatali kynningu á niðurstöð um innra mats	Niðurstöður innra mats eru kynntar á starfsmannafundum	Leikskólastjóri, aðstoðaleikskólustjórar	Sept. 2020	Júní 2021		Þegar niðurstöður innra mats liggja fyrir eiga sér stað samræður meðal hagsmunaaðila um þróun og umbætur	Markmið náðist
Opinber birting og umbætur	Umbótaáætlanir eru ávallt sýnilegar á heimasíðu leikskólans	Ákveðinn ábyrgðaraðili sér til þess að það sé gert	Aðstoðarleikskólastjóri	Ág. 2020	Sept. 2020	Gátlisti	Umbótaáætlanir eru settar í upphafi hvers skólaárs á heimasíðu leikskólans	Markmið náðist

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
4. Leikskólabragur								
Viðhorf foreldra - SFS	Foreldrar og barn ákveða í sameiningu markmið fyrir skólaárið	Foreldrar ræða markmiðasetningu í foreldraviðtali	Deildastjórar	Mars 2021	Júní 2021	Viðhorfskönnun SFS	Foreldrum finnst þeir eiga hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna í leikskólanum	Er í vinnslu og heldur áfram á næsta skólaári



3.2 Langtímaáætlun um innra mat í leikskólanum Rauðhól

Viðfangsefni	2021-2022	2022-2023	2023-2024
Stjórnun			
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi	x		x
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		
Faglegt starf	x		
Leikskólaþróun og starfsþróun/símenntun	x		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x		x
Uppeldis- og menntastarf			
Skipulag náms og námsaðstæður	x		x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x		x
Leikur og nám – lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna			x
Námssvið leikskólans		x	
Leikskóli án aðgreiningar		x	
Mat á námi og velferð barna		x	
Mannauður			
Hlutverk leikskólakennarar	x		
Fagmennska starfsfólks – SFS	x		x
Starfsánægja – SFS	x		x
Leikskólabragur			
Viðmót og menning	x		x
Velferð og líðan barna		x	
Þátttaka foreldra í leikskólastarfinu og upplýsingamiðlun	x		x
Viðhorf foreldra – SFS		x	
Innra mat			
Skipulag og viðfangsefni	x	x	x
Gagnaöflun og vinnubrögð	x	x	x
Opinber birting og umbætur	x	x	x

3.3 Ytra mat - viðhorfskönnun starfsfólks á vegum SFS

Á vormánuðum 2021 var framkvæmd starfsmannakönnun á vegum SFS. Svarhlutfall var 46,5% í Rauðhól sem var þátttökuaukning um 23,5% frá fyrra ári. Í Reykjavík heild var svarhlutfall 61%. Það sem betur má fara mátti finna í spurningunum um starfsmannastöðugleika, vinnuaðstöðu, hæfilegt vinnuálag, upplýsingaflæði og móttöku nýliða. Breyting milli ára er óveruleg. Okkar markmið er að ná okkar tölum nær hámarki í næstu könnun. Á COVID tímanum drógum við úr allri samveru sem hefur líklega skilað sér í minna upplýsingaflæði á milli deilda og húsa. Leita á leiða til að finna betri farveg fyrir fundi teyma og upplýsingaflæði frá þeim á næsta skólaári. Tilbúin er áætlun vegna móttöku nýliða sem ýtt verður úr vör á haustmánuðum en vegna aðstæðna á liðnu skólaári var það ekki eins markvisst eins og stefnt var á. Með styttingu vinnuviku gerum við okkur vonir um að starfsmannastöðugleiki og hæfilegt vinnuálag komi enn betur út í næstu könnun. Leita þarf leiða til að auka enn frekar svarhlutfall okkar starfsfólks í næstu könnun því þó það sé betra nú en fyrir ári síðan er hlutfallið ekki ásættanlegt.

Þáttur	2021	2020	Reykjavík heild 2021
Starfsmannastöðugleiki	3,97	3,72	3,81
Vinnuaðstaða	4,36	4,00	4,05
Hæfilegt vinnuálag	3,71	3,81	3,61
Upplýsingaflæði	4,38	4,49	4,08
Móttaka nýliða	4,61	4,00	4,10

Hámark er 5

Ánægjulegt er að sjá að þrátt fyrir aðstæður í þjófðélaginu á skólaárinu hversu margt starfsfólk er ánægt í starfi og telur stjórnunarhætti árangursríka. Breyting milli ára er óveruleg. Á næsta skólaári þurfum við öll að leggja okkur fram við að viðhalda starfsánægju. Þar mun námsferð í maí spila stórt hlutverk til að styrkja hópefli.

Þáttur	2021	2020	Reykjavík heild 2021
Hæfir og áhugasamir starfsmenn	4,36	4,42	4,25
Hvetjandi og jákvætt starfsumhverfi	4,52	4,44	4,18
Árangursríkir stjórnunarhættir	4,69	4,72	4,16
Starfsánægja	4,61	4,78	4,10

Hámark er 5

Mesta ánægjan og gleðin hjá okkur við yfirferð könnunarinnar er að sjá að hér mælist 0,0% einelti og áreitni frá samstarfsfólki. Við munum leggja okkur öll fram við að vera á tánum til að halda þeirri tölu.

Þáttur	2021	2020	Reykjavík heild 2021
Einelti frá samstarfsfólki	0,0	0,0	3,4
Áreitni frá samstarfsfólki	0,0	0,0	3,8

3.1 Ytra mat - Viðhorfskönnun foreldra á vegum SFS

Á vormánuðum 2021 var framkvæmd foreldrakönnun á vegum SFS. Svarhlutfall foreldra í Rauðhól var 87,8% en í Reykjavík heild var svarhlutfall 82%. Við teljum okkur geta vel við unað af niðurstöðum könnunarinnar. Bæði er svarhlutfall hátt og ekki annað að sjá en að foreldrar séu ánægðir með skólann. Markmið næsta skólaárs er að viðhalda niðurstöðunni.

Þáttur	2021	2019	Reykjavík heild 2021
Heildaránægja	4,88	4,82	4,6
Barninu líður vel í leikskólanum	4,72	4,75	4,62
Tel barnið öruggt í leikskólanum	4,81	4,76	4,63
Vingjarnlegt andrúmsloft	4,88	4,75	4,61
Skólanum er vel stjórnað	4,82	4,76	4,44

Hámark er 5



3.2 Umbótaáætlun leikskólans 2021-2022

MATS-ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Stjórnun								
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	Unnið sé eftir verklags-reglum um móttöku nýrra starfsmanna	Útbúið verður fræðsluefni um stefnu og starfshætti leikskólans fyrir nýliða og fræðsluherferð ýtt úr vör	Leikskóla-stjóri, aðstoð-arleikskóla-stjórar, verk-efna-stjórar	Apríl 2020	Júní 2022	Gátlisti	Fræðsluefni og verklags-reglur tilbúnar fyrir nýtt starfsfólk	
Handleiðsla	Innleiða stefnu Reykjavíkur-borgar um handleiðslu í starfi fyrir deilda-stjóra	Deilda-stjórar fái reglulega tækifæri til handleiðslu	Leikskól astjóri Aðstoð-arleikskóla-stjórar	Sept. 2020	Maí 2022	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Öruggari og faglegri deildar-stjórar	
Faglegt samstarf	Leikskólinn nýtir sér ráðgjöf og stuðning frá skrifstofu SFS	Nýliðar munu fara á nýliða-fræðslu á vegum SFS	Aðstoð-arleikskóla-stjórar	Okt. 2020	Júní 2022	Gátlisti	Allir nýliðar hafi sótt fræðslu hjá SFS	
Heimasíða leikskólans	Heimasíða leikskólans endurspeglar starf leikskólans þar sem hægt er að nálgast hagnýtar upplýsingar, skólánámskrá,	Safna saman gögnum og setja á heimasíðu leikskólans	Aðstoð-arleikskóla-stjóri	Sept. 2020	Apríl 2022	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið	Heimasíða leikskólans sé lifandi og innihaldsrík	



	skýrslur o.fl.							
--	-------------------	--	--	--	--	--	--	--

MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Loki ð	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmi ð
2. Uppeldis- og menntastarf								
Námssvið leikskólans	Unnið sé mark- visst að eflingu læsis í víðum skilningi og það endur- speglist bæði í námskrá, áætlun um læsi og í starfi	Læsisstefna Rauðhóls verður dýpkuð sem endur- speglast á öllum deildum	Læsis- teymi og deilda- stjórar	Okt. 2020	Júní 2022	Gátlisti, Rýnihópur barna	Endurbætt læsisstefna Rauðhóls er tilbúin	
	Unnið er með frásagnir, sögur, söng, ljóð og ævintýri	Auka fjölbreytni efnis sem tengist málörvun og söng	Deildar- stjórar	Sept.2 021	Júní 2022	Gátlisti, ljósmyndir	Unnið er með fjölbreytt efni á öllum deildum	
Leikskóli án aðgreiningar	Starfsfólk sækir námskeið til að auka fagþekkin gu sína á þroskafrá vikum og sérúrræðu m barna	Vekja athygli á auglýsingum á námskeiðum í þessum málaflokk og hvetja starfsfólk til að nýta sér þau	Leik- skóla- stjóri, sérkenns lustóri og verkefna stjórar	Ágúst 2021	Maí 2022	Gátlisti/samante kt	Ákveðinn fjöldi starfsmanna hefur nýtt sér þessi námskeið á skólaárinu	
Mat á námi og velferð barna	Áætlun verður gerð um mat á námi og velferð barna	Útbúin verða viðmið um mat og nám á velferð barna út frá stefnu Rauðhóls	Teymi um nám og þroska barna, deilda- stjórar	Okt. 2020	Nóv. 2022	Gátlisti	Ný og endurskoðuð viðmið um mat á námi og velferð barna verði tilbúin	
	Reglu- legar skráning-	Útbúin verði aldurstengt viðmið um	Teymi um mat á námi	Okt. 2020	Nóv. 2022	Gátlisti	Skráningar eru reglulegar út	



	ar séu gerðar á framföllum allra barnanna	skráningar á framför barna	og þroska barna og deilda- stjórar				frá nýrri áætlun um mat á námi og velferð barna	
	Fjölbreytt gögn séu lögð til grundvallar á námi og stöðu barna	Útbúinn verði matslisti á námi og stöðu barna út frá starfsaðferðum Rauðhóls sem verður viðbót við það sem nú þegar er gert	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Okt. 2022	Ferilmöppur Íslenski þroskalistinn EFI-2 Hljóm-2 (TRAS) Matslisti Rauðhóls á námi og velferð barna	Notast er við fjölbreyttar aldurs- og þroska- tengdar matsaðferðir á námi og stöðu barna	
	Börn taki þátt í að meta nám sitt	Notast verður við broskalla og demanta- aðferð með börnunum	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Júní 2022	Gátlisti	Vinna við áætlun er hafin	
	Börn fái tækifæri til að setja sér markmið	Sett verður inn í foreldra- viðtalsformið umræðu- punktur um markmiðs- setningar barna	Teymi um mat á námi og þroska barna og deilda- stjórar	Okt. 2020	Okt. 2022	Gátlisti	Í árlegum foreldra- viðtölum verði skráð niður markmið barnsins sem það hefur sett sér í samvinnu við foreldra	

MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
4. Leikskólabragur								
Velferð og líðan barna	Áhersla er lögð á það sem börnin gera vel	Efnið Uppeldi sem virkar tekið fyrir á skipulags degi	Sérkenn slustjóra r	Sept. 2021	Júní 2022	Gátlisti	Í daglegu starfi er lögð áhersla á það sem börnin gera vel	
Viðhorf foreldra - SFS	Foreldrar og barn ákveða í	Foreldrar ræða mark-	Deilda- stjórar	Mars 2021	Júní 2022	Viðhorfs- könnun SFS	Foreldrum finnst þeir eiga	



	samein- ingu markmið fyrir skólaárið	miða- setningu í foreldra- viðtali					hlutdeild í uppeldi og námi barna sinna í leikskól- anum	
--	--	---	--	--	--	--	---	--

MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur	Náðust markmið
1. Innra mat								
Skipulag og viðfangsefni	Að starfsfólk tileinki sér starfs- aðferðir starfenda- rannsókna	Fá fræðslu um starfenda- rann- sóknir	Leik- skóla- stjóri, aðstoðar leik- skóla- stjórar	Nóv. 2020	Júní 2022	Gátlisti	Mat og ígrundun leikskóla- kennara og annarra starfs- manna á eigin starfs- háttum er liður í daglegu starfi þeirra	
Gagnaöflun og vinnubrögð	Gagna er aflað með aðferðum sem hæfa viðfangse- fninu	Ákveðin teymi sjá um að afla þeirra gagna sem endurspe- gla þeirra áherslur, t.d. læsi	Teymi leikskól- ans	Vor 2021	Júní 2022	Gátlisti	Fjölbreytt gögn liggja til hliðsjónar hverju viðfangsefn- i	
Opinber birting og umbætur	Starfsfólk og foreldrar geta á óbyggjandi hátt nefnd dæmi um umbætur sem innra mat leikskólan s hefur leitt til	Að starfsfólk og foreldrar verði markvisst upplýst um umbætur, t.d. í tölvupóst um	Stjórnun- dur	Sept. 2021	Júní 2022	Könnun meðal foreldra og starfsfólks	Starfsfólk og foreldrar geti komið með a.m.k. eitt dæmi um umbætur	



4 Innra mat hverjar deildar fyrir sig skólaárið 2020 - 2021

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
2. Uppeldis- og menntastarf							
Námssvið leikskólans	Ritmál sé sýnilegt innan deildar	Merkja efnivið með bókstöfum og myndum. Setja upp bókstafi og tölustafi á deildinni	Deildarstjóri	Mars 2020	Ágúst 2020	Ljósmyndir	Að allur efniviður sé merktur með myndum og orðum. Að bókstafir og tölustafir séu sýnilegir á deildinni

4.1 Gula deild - Börn fædd 2018 og 2019

Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju?

Eitt af markmiðum okkar á Gulu deildinni var að vera með bók- og tölustafi sýnilegri. Það gerðum við m.a. með því að útbúa snák sem innihélt tölur 1-10. Snákurinn var plastaður við gólfið og nýttist því einnig sem nokkur konar París. Við merktum allan efnivið með bæði myndum og orðum. Áhersla var lögð á að efniviðurinn væri aðgengilegur og sýnilegur fyrir börnin.



Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?



Á Gulu deildinni er unnið með læsi á fjölbreyttan hátt. Við leggjum áherslu á að efniviðurinn sé sýnilegur fyrir börnin og vel merktur með bæði bókstöfum og myndum. Bækur eru ávallt aðgengilegar fyrir börnin og skiptum við reglulega um bækur í bókahillunni. Lagt er upp úr jákvæðum og uppbyggilegum samskiptum við börnin til að stuðla að læsi í samskiptum.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

Á næsta skólaári sjáum við fyrir okkur að leggja áherslu á læsi í enn víðari mynd. Hugmynd er um að vinna meira með sögur og vinna út frá þeim verkefni með t.d. tónlist, hlutverkaleik og leyfa ímyndunaraflinu að njóta sín í læsisumhverfinu.



4.2 Græna deild – Börn fædd 2018

Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju?

Í haust 2021 fóru fram breytingar á Grænudeild. Keypt var stór hilla og körfur fyrir dót og efnivið. Dótið og efniviðurinn var flokkaður í körfur og hver karfa merkt með mynd og nafni á þeim efnivið sem tilheyrði hverri körfu.





Bókahillur voru settar upp á vegg í augnhæð barnanna og auðvelduðu börnunum aðgang að bókum. Fyrir ofan bókahillur og kubbaskáp voru settar merkingar með mynd og orði.

Tölustafir og stafróf var prentað út og settir á vegg í augnhæð barna. Því teljum við að markmið hafi náðst að hafa ritmál sýnilegt á deildinni



Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?

Í vetur höfum við lagt áherslu á að vinna með tilfinningalæsi, með það að markmiði að börnin læri að setja sig í spor annarra og biðjast fyrirgefningar. Hvað gera góðir vinir? Hvernig líður vini okkar ef við meiðum hann? Með því að kenna góð samskipti þá eykst félagsfærni barnanna og sjálfsmyndin styrkist hjá börnunum. Það er mikilvægt að kenna tilfinningalæsi og leggjum við áherslu á það vegna þess að þá öðlast börnin hæfni til að skilja tilfinningar, hlusta á aðra og sýna samkennd.

Við lögðum ríka áherslu á að gera ritmál sýnilegt á öllum efnivið. Við höfum lagt áherslu á það að efla orðaforða barnanna og málskilning með því að leggja orð á athafnir barnanna og leggja orð á það sem þau biðja um ef þau hafa ekki getuna til þess sjálf. Í samverustundum höfum við sungið mikið og margvísleg lög, ýmist einföld og svo aðeins flóknari. Kenndar voru þulur og farið var í hreyfileiki og sagðar sögur. Eins voru samverustundir nýttar til þess að lesa bækur, en einnig var lesið fyrir börnin í „maður á mann“ samskiptum eða smærri hópum.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

Útbúa miða með nöfnum barnanna sem eru alltaf aðgengilegir og þau geta þá æft sig að draga til starfs og þekkja nafnið sitt enn betur.

Gefa börnunum hverju og einu tækifæri í samverustundum til að leggja orð á upplifanir sínar og æfa frásagnarhæfni/máltjáningu. Það er mikilvægt að vinna á fjölbreyttan hátt með alla þætti máls og er máltjáning einn þeirra.

Merkja efnivið enn betur ásamt öðrum hlutum inn á deild eins og t.d. tölva, stóll, borð, spegill og svo framvegis. Þannig bætist í orðaforða barnanna og enn meira ritmál verður sýnilegt.

Halda áfram með vinnuna sem við höfum verið að vinna með í tengslum við umhverfislæsi og tilfinningalæsi.

4.3 Rauða deildin - Börn fædd 2017 og 2018

Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju?

Já það markmið náðist að gera ritmál sýnilegt á deildinni, það gerðum við með því að merkja allan efnivið bæði með orðum og myndum. Það gerir börnunum mun auðveldara fyrir að finna það sem þau leita að og vilja leika með eins er það tækifæri fyrir þau til að tengja saman ritmál og myndir. Eins eru listaverk sem hengd eru upp á vegg merkt með nafni barnsins. Hólf barnanna í fataklefa og skúffur þeirra inn á deild eru merktar með nafni og mynd af barninu. Þar gefst tækifærið á að sjá hvernig nafnið er ritað þó svo að barnið hafi ekki endilega getu til að skrifa nafnið sjálf.

Bókstafir voru hengdir upp á vegg í upphafi skólaárs. Á hverri mynd er einn bókstafur t.d. stafurinn A og svo mynd af einhverju sem á upphafsstafinn A (t.d. Api). Börnin sýndu bókstöfunum mikla athygli og var mikið sport að finna stafinn sinn og læra að þekkja hann. Mörg hafa svo lært að þekkja stafi vina sinna líka. Eftir áramót voru svo hengd upp samskonar spjöld með tölustöfunum, á hverju spjaldi er þá mynd af tölustaf og svo punktar (fjöldi þeirra fer eftir tölustafnum á myndinni) sem hægt er að telja og átta sig þannig á hver fjöldinn er á bakvið hvern tölustaf. Það hefur þótt mikið sport að finna tölustafinn sem samsvarar aldri barnsins.

Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?

- **Umhverfislæsi**, læra að þekkja nærumhverfið sitt með gönguferðum og dvöl í Björnslandi. Einnig notum við tækifærið og lærum að þekkja hljóðin í umhverfi okkar. „heyrum við í

bílum?“ „hvernig heyrir í fuglunum“ og svo framvegis. Fylgjum með veðrinu og veðrabreytingum. Hvernig er að vera úti í miklum vindi en rigningu eða snjó? Allt þetta er gert til þess að börnin verði örugg í umhverfi sínu

- **Tilfinningalæsi**, leggjum upp úr því að börnin læri að setja sig í spor annarra og biðjast fyrirgefningar. Hvað gera góðir vinir? Hvernig líður vini okkar ef við meiðum hann? Með því að kenna góð samskipti þá eykst félagsfærni barnanna og sjálfsmyndin styrkist hjá börnunum. Það er mikilvægt að kenna tilfinningalæsi og leggjum við áherslu á það vegna þess að þá öðlast börnin hæfni til að skilja tilfinningar, hlusta á aðra og sýna samkennd
- **Læsi**, ritmál sýnilegt á öllum efnivið. Við höfum lagt áherslu á það að efla orðaforða barnanna og málskilning með því að leggja orð á athafnir barnanna og leggja orð á það sem þau biðja um ef þau hafa ekki getuna til þess sjálf. Í samverustundum höfum við sungið mikið og margvísleg lög, ýmist einföld og svo aðeins flóknari. Kenndar voru þulur og farið var í hreyfileiki og sagðar sögur. Eins voru samverustundir nýttar til þess að lesa bækur, en einnig var lesið fyrir börnin í „maður á mann“ samskiptum eða smærri hópum.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

- Útbúa miða með nöfnum barnanna sem eru alltaf aðgengilegir og þau geta þá æft sig að draga til starfs og þekkja nafnið sitt en betur.
- Gefa börnunum hverju og einu tækifæri í samverustundum til að leggja orð á upplifanir sínar og æfa frásagnarhæfni/máltjáningu. Það er mikilvægt að vinna á fjölbreyttan hátt með alla þætti máls og er máltjáning einn þeirra.
- Merkja efnivið enn betur ásamt öðrum hlutum inn á deild eins og t.d. tölva, stóll, borð, spegill og svo framvegis. Þannig bætist í orðaforða barnanna og enn meira ritmál verður sýnilegt.
- Halda áfram með vinnuna sem við höfum verið að vinna með í tengslum við umhverfislæsi og tilfinningalæsi.



Myndir – Rauða:



Allur efniviður er kominn í
körfur og þær merktar
með viðeigandi heiti.



Bókstafir og tölustafir upp á
vegg – vekja mikinn áhuga hjá
börnum



Skúffur barnanna inni á
deild merktar með nafni
og mynd af barninu



Bókahilla merkt,
stefnum á að
merkja umhverfið
meira á þennan
hátt næsta vetur
t.d. borð, stóll og
svo framvegis.



Bókstafaleikur 😊 kennslustund í
bókstöfum

4.4 Bláa deild – Börn fædd 2017

Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju? Já markmið náðist, ritmálið er sýnilegt og efniviður er merktur.

Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?



Á bláu deildinni eru notaðar fjölbreyttar leiðir til að vinna að því markmiði. Bækur eru aðgengilegar og fá börnin tækifæri til að skoða þær hvenær sem er. Einnig fá börnin tækifæri til að koma með bækur að heiman og kynna fyrir hópnum. Áhersla er lögð á að lesa fyrir börnin, segja þeim sögur, ævintýri, fara með ljóð og þulur og notast er við leikmuni í sögustundum. Blöð og litir eru aðgengilegir á leiksvæði þeirra. Leikefni sem börnum stendur til boða er merkt með myndum og texta. Listaverk sem börnin búa til eru sýnd og merkt með ljósmynd af barninu og nafni þess.



Við lögðum mikla áherslu á að kynna börnunum stafina í nafni þeirra. Hengdar voru á sýnilegum stað áritaðar myndir af börnum. Við notum líka myndir af börnunum og nöfnum þeirra í einfaldan leik til að læra um nöfn þeirra.



Við kennum börnum eftir áhugamálum þeirra. Áhugi sem oft er ríkjandi í hópi þriggja ára barna eru risaeðlur. Við höfum útbúið safn efniviðar sem



hvetur börnin til að leika sér ásamt því að læra nýjan orðaforða sem tengjast risaeðlum. Það styður einnig þroska barnsins á alhliða og skapandi hátt.



Efniviðurinn inniheldur leiki til að þróa minni, rökfræði, einbeitingu, stærðfræðikunnáttu, litaæfingar, grafík, hreyfifræði og margt fleira.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

Við munum halda áfram því sem hefur skilað árangri á þessu skólaári, þ.e.vinna með fjölbreyttar leiðir sem viðkoma læsi í daglegu starfi í sinni víðustu mynd.



4.5 Ævintýralundur – Börn fædd 2017



Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju?

Já, markmið að ritmáli á deildinni þennan veturinn náðust

Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?

Í öllu starfinu í vetur hefur læsi litað

starfið. Mikið hefur verið lesið fyrir þau, við höfum æft söngva og vísur, hlustað á sögur í hvíld og farið í vettvangsferðir þar sem náttúran er skoðuð og svo fóru margir



mánuðir í svokallað litapema þar sem ýmislegt var gert til að læra litina (umhverfislæsi). Þá hefur efniviður verið merktur með bókstöfum og myndum. Sum börnin eru farin að sýna áhuga á að skrifa nafnið sitt og annarra sem þau þekkja og eru mikið að æfa sig í því.

Gott aðgengi er að bókum og eru börnin hvött til að skoða bækur en einnig fara vel með þær. Að lokum vil ég nefna að kennarar hafa verið með mörg börn í verkefninu „Gefðu 10“ þar sem barnið fær auka 10



mínútur frá hverjum kennara í málörvun og geta þetta þá verið allt að 50 mínútur aukalega sem barnið fær á dag.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

Halda áfram með það starf sem hefur verið í unnið í vetur og jafnvel bæta inn þemavinnu sem gæti þá tekið á ýmsum þáttum, ekki bara læsi



4.6 Ævintýrahóll – Börn fædd 2016 og 2017



Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju?

Já, við teljum að markmið að ritmáli á deildinni hafi náðst í vetur. Á deildinni eru börn fædd 2016 og 2017 sem voru flest öll mjög móttækileg fyrir að kynnst bókstöfunum og þá sérstaklega tengt nafninu sínu. Hér að ofan hefur verið rætt um ýmislegt sem á einnig við Ævintýrahól eins og gönguferðir og læsi á umhverfi sitt, vettvangsferðir á bókasafnið, Gefðu 10 og fleira sem er óþarfi að endurtaka hér.

Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?

Unnið er að læsi í gegnum allt starf deildarinnar, beint og óbeint. Allur efniviður er merktur á deildinni í rituðu máli og með mynd. Hann er einnig hafður aðgengilegur svo börnin geti nálgast hann á eigin forsendum og gengið frá honum líka. Í gegnum efniviðinn eru börnin hvött að föndra bókstafi þegar við á og þá er hægt að nota leir, segulkubba, einingakubba og fleira til þess.



Gott aðgengi er að bókum sem börnin eru hvött til að skoða í ró og næði.

Ævintýrahóll er með gott aðgengi að svæði þar sem auðvelt er að fá að skoða bók í friði nú eða með heyrnatól inná deild til að útiloka hávaða. Börnunum stendur til boða að koma með bók að heiman og er hún þá lesin nokkrum sinnum yfir vikuna. Okkur finnst líka gott að fara út af deildinni með nokkur börn og kennarinn les þá fyrir hópinn en þarna skapast oft skemmtileg tækifæri til

umræðu. Í upphafi skólaárs merktu börnin skúffuna sína og þá sáu kennarar hvaða börn þurftu meiri hvatningu en önnur. Við skoðuðum líka hvernig börnin halda á skriffærum og reyndum að leiðbeina betra gripi ef þess þurfti.




Í samverustundum/hvöld er lesið, sungið, spjallað um allt milli himins og jarðar sem og hlustað á hljóðbækur. Í vor var líka vinsælt að horfa á Krackafréttir eða lesa fréttir af eldgosinu á Reykjanesi. Þegar tækifæri gafst var stoppað og einstaka orð eða orðasambönd rædd. Stundum vöktu nýju orðin athygli og urðu vinsæl á meðal barnanna, þá var auðvelt að grípa þann áhuga og vinna frekar með hann. Dæmi um þetta eru orð tengd eldgosinu og eins því þegar við gróðursettum fræ sem þurftu svo vökvun og umpottun. Börnin föndruðu sinn blómapott og merktu hann, allt vorið var orðræða á deildinni um umhirðu tómátplantanna og þannig festust ný orð í sessi.



Á deildinni er póstkassi og það var vinsælt í vetur að koma með póst að heiman sem var lesin í samverustund. Barnið fékk þá að lesa bréfið sitt og sýna myndina sem var teiknuð með. Oft var pósturinn bæði skreyttur mynd en líka bókstöfum þar sem barnið skrifaði nafn sitt. Börnin eru hvött til að merkja öll listaverki með upphafsstöfum eða nafninu sínu og eiga til þess sín nafnspjöld sem sýna bæði há- og lágstafi. Í vetur hefur áhuginn á að merkja sitt listaverk aukist mikið og mörg hver þurfa ekki lengur á spjöldunum að halda. Hlutverkaleikur var vinsæll í vetur og í gegnum hann var skemmtilegt að vinna með læsi. Börnin opnuðu kaffihús og svo var verið að taka niður pantanir og þær afgreiddar. Stundum var afmæli og þá þurfti að útbúa afmæliskort og fleira.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?



Halda áfram með þau verkefni sem voru unnin síðasta vetur og byggja ofan á þann grunn sem var lagður. Einnig er mikilvægt að finna ný aldursviðeigandi verkefni og halda áfram að kenna leggja grunn að læsi í gegnum leik.



4.7 Ævintýradalur – Börn fædd 2016

Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju?

Á Ævintýradal eru börn fædd 2016 og þau hafa mjög mikinn áhuga á bókstöfum og ritmáli og allt sem tengist því. Þau eru alltaf með aðgang með nöfnunum sínum og nota það óspart til að rita eftir. Einnig að stöfum sem þau geta raðað saman í orð. Ritmálið hefur verið stór hluti af starfinu á deildinni.

Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?

Þegar við byrjuðum haustið á Ævintýradal þá skrifuðu börnin nafnið sitt á skúffurnar sem þau geyma verkefni sín.

Allur efniviður er merktur á deildinni í rituðu máli og með mynd. Hann er hafður aðgengilegur og í þeirra hæð. Þau geta ávallt gengið í liti, lím, skæri og pappír svo þau geta skapað að eigin vild.


Bækur eru líka aðgengilegar og geta börnin náð sér í bók að vild og komið sér fyrir og lesið. Að minnsta kosti ein lestrarstund er á dag með öllum börnum, nokkur börn þurfa aðeins meiri málörvun; börn af erlendum uppruna o.fl. þannig að þau eru oft tekin fram í næði til að einbeiting náist betur fyrir þau. Í hádegishvildinni er hlustað á sögur, oft fá þau að nota litla plúskubba eða púsl til að hafa í höndunum til að einbeiting náist betur við hlustun. Í samverustundum förum við í leiki, syngjum og yoga með yogaspjöld er vinsælt.



Í vetur höfum við líka gripið það sem er efst í fréttum eins og eldgosið í Geldingadölum og Covid og unnið verkefni út frá því. Sögugerð var einnig stór þáttur á deildinni og bjuggu þau til sögur og myndskreyttu. Börnin bjuggu til bækur og bættu í þær myndir og texta í allan vetur. Stundum báðu þau okkur um að skrifa það sem átti við um það sem þau teiknuðu. Einnig var skemmtilegt verkefnið þeirra með nafnið sitt þar sem við bárum saman hvernig þau skrifuðu nafnið sitt í haust og svo aftur núna í júní. Munurinn milli verkefnanna var mjög mismunandi. Fyrir alla matartíma færa þau myndir af sér þegar þau fara í mat og myndirnar aftur þegar þau eru búin að borða. Þannig hafa þau yfirsýn hver er að borða og hvenær er pláss fyrir þau í matsalnum.



Þegar deildin hefur farið í Björnslund í vetur er mikið notað læsi þar og ritmál. Áður en við fórum komum við með hugmyndir af því hvað við getum gert í Björnslundi og hvernig við framkvæmum það. Börnin eru alltaf hvött til að merkja myndirnar sínar sjálf, og mjög vinsælt er að opna ísbúð eða veitingahús og taka niður pantanir hjá hjá hvort öðru.



Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

Börnin á Ævintýradal eru börn á elsta ári næsta vetur á Rauðhól þannig að við höldum áfram með þá vinnu sem við erum að vinna. Til dæmis í stað þess að hafa myndir af þeim fyrir matsalinn ætlum við að hafa nafnið þeirra.

Áhugamiðuð verkefni verða unnin og hvatning til allra barnanna að gera eins vel og þau geta.



4.8 Ævintýraland – Börn fædd 2015

Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju? Já það markmið náðist, efniviður er merktur, einnig er stafrófið sýnilegt á vegg deildar ásamt tölustöfum svo dæmi sé tekið.

Börnin á deildinni eru í elsta hóp og eru fjölbreyttar leiðir notaðar til þess að vinna með læsi í daglegu starfi.





Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?

Bækur eru aðgengilegar og börnin geta skoðað þær þegar þau vilja. Einnig geta þau æft sig að *skrifa* bókstafi, tölustafi og nafnið sitt en þau geta sótt slíkt efni í flæðinu. Þau er hvött til þess að merkja byggingar sínar í einingakubbum. Í *samverustundum* er sungið, farið með vísur/þulur, rím og lesið fyrir börnin. Einnig hefur verið farið í Lubbastundir og aðra þætti sem efla hljóðkerfisvitund. Í *hvíldinni* hlusta börnin ýmist á sögur sem eru spilaðar fyrir þau eða hlustað er á framhaldssögu sem kennari les. Þau hafa sýnt framhaldssögum mikinn áhuga í vetur t.d. Fíúsól, Nönnu Norn og Benedikt Búálf. Börnin hafa verið að æfa ýmis


sönglög í vetur og haldið tónleika utandyra í Covid ástandinu. Þau *sungu* m.a. fyrir íbúa Hrafnistu og buðu foreldrum sínum og öðrum ættingjum á tónleika í Björnslandi. Tónleikarnir vöktu mikla lukku og var gaman að sjá afrakstur reglulegra söngæfinga hjá þeim. Einnig sýna börnin Eurovision söngvakeppninni mikinn áhuga og byggðu þau svið úr holukubbum, útbjuggu míkrofóna og héldu eigin söngvakeppni. Þau skrifuðu tölustafi á blað til að gefa keppendum einkunn. *Vinafundir* með þránni tónlistarkennara eru einu sinni í viku í sal og þar syngja börnin og læra nýja texta.

Póstkassi sem börnin föndruðu var staðsettur á deildinni og í hann máttu börnin koma með bréf og/eða mynd að heiman um hvað eina sem þau vildu deila með barnahópnum. Bréfið var opnað í samverustund og barnið var með kennara að lesa og segja frá bréfinu fyrir framan hópinn.





Bókaormur vikunnar Á vorönn voru tvö börn í hverri viku bókaormur vikunnar á Ævintýralandi. Markmiðið með verkefninu er að ýta undir áhuga barna á lestri, þjálf/styrkja barnið í að koma fram fyrir framan barnahópinn og kynna sína bók ásamt því að virkja foreldra í að lesa fyrir börnin heima. Barnið velur bók heima sem foreldrar lesa fyrir það yfir vikuna. Barnið kynnir bókina sína í samverustund fyrir framan hin börnin. Börnin voru mjög áhugasöm um verkefnið og spennt að segja frá bókinni sinni.



Ferilmöppur/hirslur barnanna

Hvert og eitt barn hefur sína skúffu til þess að geyma listaverk og annað sem þau eru að vinna með hverju sinni. Þau merkja sjálf skúffurnar sínar með nafninu sínu. Ferilmappa barnanna geymir myndir, skráningar og verk frá því börnin hefja leikskólagöngu sína. Börnin vinna m.a. verkefni sem tengjast nafninu þeirra. Möppur barnanna á Ævintýralandi eru merktar á kili og börnin læra þannig að þekkja sína möppu eftir nafni. Möppurnar eru aðgengilegar og börnin mega skoða þær þegar þau vilja. Einnig hafa þau val um verk til þess að setja í möppuna sína. T.d. ef þau eru að gera eitthvað listaverk í flæðinu sem þau eru ánægð með.



Dagatal Á hurð deildarinnar hangir dagatal þar sem heiti mánaðar, vikudaga og tölur eru sýnilegar. Mynd er sett af afmælisbörnum deildarinnar hverju sinni ásamt sérstökum hátíðisdögum og/eða atburðum. Börnin sýna dagatalinu mikinn áhuga og telja oft á tíðum niður í



ákveðna atburði ásamt því að ræða um það sem er á döfinni. Þannig eflum við m.a. talnaskilning og orðaforða um hefðir og menningu.

Aðgengi að bókstöfum, tölustöfum og verkefnum

Með því að hafa aðgengi að spjöldum með tölustöfum og bókstöfum geta börnin æft sig að skrifa í flæðinu. Einnig eru spjöld með nöfnum þeirra ásamt mynd. Það hefur verið mjög vinsælt í vetur hjá börnunum að ná sér í nafnspjöldin sín þegar þau vilja æfa sig að skrifa nafnið sitt eða merkja ákveðin verk. Einnig eru í merktum skúffum verkefnaöppur sem börnin geta náð í í flæðinu sem innihalda blöð með fjölbreyttum verkefnum t.d. bókstafa og/eða tölustafa verkefnum.



Hér til hægri búið að setja upp „spinnera“ búð. Þær skreyttu búðina, bjuggu til nokkra spinner úr plúskubbum ásamt því að gera peninga og ákveða verðið



Gefðu 10

Starfsfólk Ævintýralands hefur nýtt sér Gefðu 10 aðferðina með fjöltyngdum börnum á deildinni ásamt öðrum börnum sem þurfa styrkingu í málþroska. Fyrir þann hóp hefur einnig gefist vel að lesa í smærri hópum ásamt því að kennari spilar með þeim. Keypt voru ákveðin spil með það í huga fyrir deildina sem hafa nýst vel og en það hefur einnig verið vinsælt hjá flestum börnum á deildinni að spila í flæðinu þar sem þau geta sjálf náð í ákveðin spil. Þannig læra þau m.a. að fara eftir reglum, efla samvinnu og hugtakaskilning.




Matartímar


Í matartímum geta átta börn farið í einu fram í matstofu að borða. Við hliðina á inngangi deildarinnar er tafla með myndum af börnunum þar sem þau geta sett myndina sína á réttan stað, hvort þau eru að borða eða búin að borða. Börnin eru meðvituð um þegar það er fullt í matsalnum og þau láta stundum kennara vita þegar pláss losnar.

Matseðill

Elstu börnin á Ævintýraeyju og Ævintýralandi skiptast á að skrifa það sem er í hádegismatinn á krítartöflu sem er staðsett fyrir ofan hlaðborð barnanna. Það eru nokkur börn í einu sem vinna að þessu verkefni saman. Þau fara með kennara og spyrja matráð hvað er í matinn, kennari skrifar það á blað og þau hafa það til hliðsjónar þegar þau skrifa á töfluna. Einnig myndskreyta þau töfluna.



Tilfinningalæsi



Börnin á Ævintýralandi eru ófeimin að tjá tilfinningar sínar og setja orð á líðan sína. Á haustönn hékk tilfinningamælistika uppi á vegg ásamt sjónrænu skipulagi um lausnir við hvað hægt er að gera þegar maður er reiður. Þessi úrræði voru hugsuð fyrir barn sem var með stuðning en nýttust einnig öðrum börnum á deildinni.

Rætt er við börnin í aðstæðum sem upp koma hverju sinni og sjónum er beint að hvernig okkur líður og hvað við getum gert ef okkur líður illa. Börnin eru hvött til þess að hugga vini sína og ræða við kennara ef eitthvað er.

Árstíðabundin verkefni/umhverfislæsi



Þegar verið er að vinna að ákveðnum verkefnum sem tengjast umhverfi og árstíðum t.d. fuglar, eru myndir settar upp í hæð barnanna og nöfn fuglanna höfð undir myndinni. Þegar börnin fara í ferðir hvort sem er í nærumhverfinu eða með strætó læra þau orð sem tengjast því sem við erum að skoða og upplifa í það skiptið. T.d. dvöl í Björnslundi, ferðir í leikhús, grasagarðinn eða í hesthús. Í vetur jókst orðaforði og skilningur barnanna til muna á ýmsu sem viðkemur hestum en

deildin var með kúrekaþema í nokkrar vikur og fór barnahópurinn nokkrar ferðir í hesthús starfsmanns á deildinni. Börnin fóru á hestbak, þau lærðu um ýmsa líkamsparta, umhirðu og heimkynni hesta svo dæmi sé tekið. Dæmi um önnur verkefni eru eldgos og gróðursetning plantna.

Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

Börnin á Ævintýralandi eru að fara í grunnskóla í haust og starfsfólk fer að vinna á Litum með yngri börnin. Þá munu áherslur tengdar læsi beinast að þeim aldurshópi.

4.9 Ævintýraeyja – Börn fædd 2015



Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju?

Markmið með að ritmálið væri sýnilegt og efniviður merktur á Ævintýraeyju náðust í vetur. Öll börnin á deildinni eru í elsta árgang á Rauðhól og eru að færast á milli skólastiga í haust. Læsi og ritmálið hefur verið stór hluti af starfinu á deildinni undanfarin ár.

Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?

Unnið hefur verið markvisst og á margvíslegan hátt með læsi í gegnum leik á Ævintýraeyju í daglegu starfi á öllum starfsstöðvum. Sem dæmi, í matsalnum, fataklefa, íþróttum, Björnslund, ævintýraferðum, vettvangsferðum, útiveru í garðinum við Rauðhól og Norðlingaskóla.



Bókaormur vikunnar. Í vetur hefur verið unnið verkefni sem kallast „bókaormur vikunnar“. Þá fær hvert barn titilinn bókaormur í eina viku í



senn. Þá velur barnið með aðstoða foreldra bók sem það á heima eða fær lánað í leikskólanum eða á bókasafni. Bókin er lesin fyrir barnið heima og er sagan rædd svo barnið þekki hana ágætlega. Eftir eina viku kemur barnið með bókina í leikskólann og segir frá í samverustund þar sem það segir frá sögunni með sínum hætti og svarar spurningum frá barnahópnum. Barnið er myndað með bókina og síðan er skráð á stóran bókaorm sem við fylgjumst með stækka og dafna.

Við kennarar á Ævintýraeyju höfum rætt við forelda um mikilvægi þess að lesa fyrir barnið heima til að örva og styðja við mál og læsi barnsins. Að foreldrar og barn líti á þær stundir sem ánægjulegar og notalegar samverustundir þar sem barnið fær að vera virkur þátttakandi.

Matsalur



Börnin dvelja drjúgan hluta af leikskóladeginum í matssalnum. Þar sem markvisst er unnið með að efla sjálfsstæði og sjálfshjálp. Börnin hjálpa sér sjálf með matinn og velja sér sæti hjá vinum. Með þessu móti gefst tækifæri fyrir börnin til eiga skemmtilegt og skapandi samtal sín á milli á eigin forsendum. Börn í elsta árgangi hafa verið að skiptast á að skrifa matseðilinn á krítartöflu fyrir hvern dag sem fer síðan fram í matsalinn og fá börnin þannig tilfinningu fyrir því hvernig ritmálið flæðir yfir í dagleg líf.

Ritmálið, merkingar og aðgengi að bókum á Ævintýraeyju

Skúffur og nánast allur efniviður sem er sýnilegur fyrir börnin var merktur myndrænt og með ritmálinu og hafa börnin fengið að taka þátt í því að merkja. Við höfum unnið markvissa vinnu til að bæta myndrænt umhverfi deildarinnar bæði hvað varðar að hafa ritmál,





bókstafi og tölustafi sýnilega. Útbúið var notalegt rými til þess að börnin gætu verið í næði að skoða eða lesa bækur.



Skapandi starf og ritmálið


Ritföng, pappír, lím, skæri og annar efniviður er aðgengilegur börnunum og er hafður í þeirra hæð til þess að auðveldara sé fyrir þau að nálgast hann. Börnin hafa aðgang að efniviðnum alla daga frá því að þau koma í leikskólann á morgnana, geta þau gengið í efniviðinn sem var nefndur hér fyrir ofan þangað til í lok dags. Börnin merkja sín listaverk sjálf með sínum bókstaf eða nafni.







Dæmi um verkefni

Verkefni sem unnið var út frá áhugasviði barns var um stjörnufræði. Það var gert með því að afla upplýsinga í gegnum netið og bækur. Sum börn komu með bækur að heiman sem grúskað var í og þær voru lesnar í samverustundum. Börnin útbjuggu „skólastofu“ eða borð og stóla á einingakubba svæðinu til þess að vinna að verkefninu. Þar var unnið að viðfangsefninu með teikningum og skapandi starfi. Orðaforði og almenn þekking barnanna um stjörnufræði jókst á þessum tíma.



Bókstafir, tölustafir og ritmálið

Börnin hafa verið að gera bókstafinn sinni með margvíslegum hætti meðal annars með leir, trjágreinum, plúskubbum, laufblöðum og með því að sauma út stafinn sinn í bylgjupappa. Þessi verkefni hafa verið valfrjáls og gerð eftir áhugasviði hjá hverju barni. Bókstafir og tölustafir eru sýnilegir börnunum á deildinni.



Samverustundir og dagleg starf

Lestur bóka fyrir börnin, ásamt því að hlusta á sögur, ríma, syngja, fara í málörvunarleiki hefur verið ríkjandi í samverustundum í vetur. Einnig hafa þau málefni eða verkefni sem eiga við þá stundina verið rædd og skoðuð ofan í kjölinn. Til dæmis voru hestar og allt sem viðkemur þeim tekið fyrir í samverustundum og fengu börnin að kynnst öllu sem viðkemur hestum bæði með því að skoða hluti og kynnst nöfnum á þeim hlutum sem fylgja hestum. Í vor var farin ferð í hesthúsið til þess að upplifa og skynja betur reynsluna. Lögð hefur verið rík áhersla á að þau börn sem eru með tvö eða fleiri móðurmál fái einstaklingsmiðaða nálgun eða samveru hjá kennurum sem er hvetjandi fyrir



málörvun. Notast hefur verið við aðferðina: „Að gefa 10“. Þannig hafa kennarar getað átt dýpra og innihaldsríkara samtali við



börnin. Ýmis hugtök og tilfinningar hafa verið teknar fyrir í samverustundum í vetur þar sem farið er djúpt í merkingu ýmissa orða, sem dæmi afbrýðisemi, reiði, sorg og fjölbreytileika. Við kennarar leggjum okkur fram um að spyrja opinna spurninga sem kalla fram mismunandi viðbrögð hjá börnunum.



Vettvangsferðir og ævintýraferðir

Í vetur hafa verið farnar vettvangsferðir í Borgarbókasafnið Ársafn, Borgarleikhúsið, Þjóðleikhúsið, Ársafn, Grasagarðinn, Fjölskyldu og húsdýragarðinn sem við kennarar erum ánægð með að hafa komist í þrátt fyrir ýmsar takmarkanir vegna Covid 19. Með því að heimsækja stofnanir og ferðast með rútu og strætó hafa börnin bætt við orðaforðann og merkingu tungumálsins. Í þessum ferðum eru börnin að skoða skilti og önnur merki sem stofnanir hafa, við veltum fyrir okkur númer hvað strætó er sem við ferðumst með og fræðumst í samverustundum um þá staði sem heimsóttir eru. Við finnum fyrir auknum orðaforða í gegnum



leikinn þegar þau vinna úr upplifun frá vettvangsferðum. Sem dæmi má nefna orðið burstabær eða torfbær sem við sáum á Árbæjarsafni hefur beina tengingu við burstabæinn í bókinni Blómin á þakinu eftir Ingibjörgu Sigurðardóttir sem oft er lesin í leikskólanum og tengdu börnin við bókina á Árbæjarsafni.

Þegar farið er í ævintýraferðir skrá börnin nafnið sitt á blað ef þau vilja fara með í ferðina. Á deildinni eru nöfnin þeirra í körfu ávallt aðgengileg bæði með hástöfum og lágstöfum fyrir börnin þau geta því alltaf gripið í körfuna og skrifað nafnið sitt með sínum hætti fyrir ferðirnar. Körfurnar með nöfnum barnanna nota þau einnig til þess að merkja myndir sem þau teikna. Í Ævintýraferðum var unnið með umhverfislæsi og öll þau blæbrigði sem náttúran býður upp á í tungumálinu. Börnin skoða öll umferðar og götu skilti sem verða á vegi þeirra. Í ævintýraferðum er farið í leiki sem innihalda meðal annars stærðfræði, bókstafi og hugtök og þá oft tengt náttúrunni eða nærumhverfinu. Dæmi um leik getur verið að hvert barn á að finna tvo hluti. Einn hlut sem er stærri og annar minni eða hlut sem er helmingi stærri. Stafabíngó og samstæðuspil eru spiluð. Þegar komið er heim úr ferðum segja börnin frá ferðinni bæði myndrænt þar sem iPad er ávallt með í för og með frásögn en börnin hafa sérstaklega verið að þjálfast í frásögn og gagnvirkum samskiptum í vetur á Ævintýraeyju.



Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

Halda áfram að styðja markvisst við mál og læsi barna. Þessi börn eru að fara í grunnskóla og því fer kennara hópurinn sem hefur verið á Ævintýraeyju á aðrar deildir.

4.10 Björnslundur – Börn fædd 2015 - 2017

Náðust sett markmið að ritmál sé sýnilegt á deildinni? Ef ekki af hverju?

Já, það markmið að gera ritmál sýnilegt náðist í Björnslund, allur efniviður var merktur með mynd og orðum, með því var auðveldara fyrir börn að finna þann efnivið sem þau vildu nota og auðveldara var að ganga frá efniviðnum á réttan stað. Á hurðar lokaðra skápa var sett mynd til þess að auðvelda aðgengi að hlutum sem inn í honum er. Í fataklefa er sett upp mynd af barni og nafni þess þegar þau mæta í Björnslund, þar geta þau séð hvernig nafnið sitt og annarra barna er ritað. Plakat með íslenska stafrófinu, þar sem mynd fylgir hverjum bókstaf er í glugga í Björnslund. Stafrófið er báðum megin þannig að þegar börnin eru úti geta þau einnig gengið að plakatinu og skoðað bókstafina, fundið stafinn sinn eða bókstaf hluta úr náttúrunni.



Hvernig er unnið með læsi í sinni víðustu mynd á deildinni?

Í Björnslund nýtum við mikið náttúruna og það umhverfi sem þar finnst til að kynna fyrir börnum ný orð og efla orðaforða þeirra. Það gerum við með því að leggja orð á þá hluti sem í náttúrunni finnast um leið og við sjáum þá en þannig ná börnin betur að tengja hlutinn í raunaðstæðum. Til að mynda geta þau skoðað og snert börk á tré og fengið betri skilning á því hvað börkur er heldur en að einungis heyra það útskýrt af kennara. Við skoðum náttúruna sem börnin eru stödd í, við förum yfir hvernig á að umgangast náttúruna af virðingu, kynnum fyrir börnum hvernig eigi að haga sér í náttúrunni t.d klifur í trjá, en þá leggjum við orð á hlut trésins, t.d við klifrum upp alveg við stofninn, við stígum á sterkar greinar sem hreyfast ekki, í rigningu er börkurinn blautur. Við skoðum hvernig náttúran breytist eftir árstíð og þannig birtast mismunandi orð eftir mismunandi árstíð, mikið er af fuglum í skóginum á veturna, við skoðum þá með kíkir, við tölum um gogg, vængi, stél og annað sem tengist. Á haustin vinnum við með hvernig skógurinn er að fara að sofa, trén fella laufin, þau visna. Á vorin



sjáum við brum á trjánum þegar þau vakna og á sumrin er ógrynni af spennandi skordýrum sem eiga margvísleg nöfn.

Börnin hafa greiðan aðgang að bókum í Björnslandi og leggjum við upp með að þau hafi úrval fræðibóka um plöntur, dýr og hluti tengdum náttúrunni. Með því læra þau ný orð sem notuð eru um náttúruna. Einnig tökum við bækur út og lesum úti í náttúrunni.

Við nýtum verkefni úti í náttúrunni t.d náttúrubingó eða ratleiki þar sem er mynd og texti, börnin eiga síðan að fara og finna hlutinn í náttúrunni og para saman. Við erum með spjöld þar sem börnin velja hreyfiverkefni, huglæg verkefni (t.d náðu í grein sem er lengri en handleggur kennarans), eða rímverkefni (t.d náðu í grein en hún má ekki vera bein). Einnig vinnum við með sögur og ævintýri, þar sem við byrjum á því að lesa, síðan vinnum við út frá því margvísleg verkefni. Við förum í ævintýraferðir um Björnsland þar sem kennari spinnur sögu á leiðinni og fær börnin til að spinna með, sagan er með upphafi, miðju og enda. Við erum með svið í Björnslandi og þar er mikið verið að búa til leikrit eða fá að syngja fyrir hvert annað.

Rauðhetta lesin, spjöld falin í skóginum, börnin náðu í sinn lit og röðuðu myndinni saman, síðan áttu þau að „raða“ söguþræðinum saman. oftast vinna þau saman í þorum þannig að þau þurfa að ræða saman og leysa verkefni í sameiningu.



Í leiknum inni í skógarhúsinu í Björnslandi er einnig lögð áhersla á að efniviðurinn sé málhvetjandi, þar er til að mynda að finna málaða fjörusteina með bókstöfum sem hægt er að nýta sem viðbót við kubbastarfið eða sem stakt námsefni.



Við nýttum einnig tappa af mjólkurfernum og skrifuðum bókstafi á þá, við settum þá í kassa ásamt fullt af orðum sem finna má í umhverfinu í Björnslandi, orð sem lýsa tilfinningum og önnur orð, þannig geta börnin því nýtt textann til hliðsjónar þegar þau raða stöfunum saman.



Hvernig sjáið þið fyrir ykkur áframhaldandi vinnu á næsta skólaári?

Útbúa stafrófið úr náttúrulegum hlutum, taka mynd og hengja upp á vegg.

Útbúa nöfn allra barna og hafa þau aðgengileg þegar börnin koma í Björnsland, þannig að þau geta fundið nafnið sitt, skrifað eftir því og skoðað þá bókstafi sem í nafninu er.

Setja upp hillur fyrir bækur, þannig að þær verði aðgengilegri fyrir börnin.

Mála á steina hluti t.d hús, kött, sól... sauma poka og taka með í göngu í Björnslandi, stoppa á ákveðnum stað og börnin búa til sögu úr steinunum og hlutum sem þau finna eða atburðum sem þau hafa upplifað í náttúrunni.

Nýta sviðið enn betur til að æfa börnin í að koma fram og segja frá einhverju, leika leikrit eða syngja.

Vinna áfram að því að gera börnin meðvitaðri um náttúruna sem er í leikumhverfi þeirra í Björnslandi, þetta má gera með því að nýta öll þau verkefni sem til eru í lundinum.

Merkja enn betur og laga merkingar á efnivið og hlutum í skógarhúsinu til að auðvelda börnum og starfsfólki aðgang að því.



5 Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2020-2021

Skipulagning sérkennslu 2020-2021 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu háttað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	Hér í Rauðhól er sérkennsla ávallt skipulögð án aðgreiningar. Við leggjum mikla áherslu á teymisvinnu og í vetur fengum við krefjandi áskoranir. Einnig er lögð áhersla á sveigjanleika og var leitað nýrra óhefðbundinna leiða til að leysa þessar áskoranir sem leiðir af sér að hverju barni líði sem best.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, HLJÓM-2 og fl.	AEPS ásamt atferlisþjálfunarlistum frá GRR
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d notuð aðkeypt námsgögn?	Hér fer allt fram í gegnum leikinn og því er ekki aðkeypt námsefni heldur er unnið út frá áhugasviði barnsins og styrkleikum þess. Hér eru ekki notuð önnur gögn fyrir börn í sérkennslu heldur en börn sem ekki eru í sérkennslu

5.1 Umbótaáætlun sérkennslu 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Auka þekkingu á margbreytileika einhverfu	Fyrirlestur um einhverfu á skipulagsdegi í febrúar 2022	Sérkennslustjóri og verkefnastjórn	Feb. 2022	Mars 2022	Gátlisti	Þekking starfsfólks er meiri á málefni

6 Innra mat – fjöltyngd börn

6.1 Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2020-2021

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Fjármögnunin fór í auka mönnun á deildir og efnivið
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Hér er unnið með Gefðu 10
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Markvisst er unnið í samverustundum til að dýpka og auka orðaforða barna
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Þau gögn sem við höfum hingað til stuðst við er HLJÓM-2. Stefna er sett á næsta skólaári að innleiða notkun á Hæfnirömmum í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já áhersla er lögð að að huga að öllum þessum þáttum á fjölbreyttan hátt í daglegu starfi

6.2 Umbótaáætlun –fjöltyngi 2021-2022

UMBÓTAÞÁTTUR / MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
	Auðvelda mat á stöðu fjöltyngdra barna í íslensku	Innleiða Hæfniramm a í íslensku fyrir fjöltyngd börn í leikskóla	Sérkennslust. Fjöltyngisteymi	Sept 21	Júní 22	Gátlisti	Betri færni í íslensku

7 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

7.1 Skólaárið 2020 – 2021.

Starfsþróunarsamtöl:

Starfsþróunarsamtöl fóru fram frá apríl til júní. Flest samtölin voru tekin í gönguferð um hverfið sem gafst mjög vel. Samtölin gengu upp til hópa vel og var unnið úr þeim fyrir komandi skólaár með hliðsjón af því að reyna að koma til móts við óskir starfsfólks.

Fræðsla:

Þegar kom að því að finna fræðsluerindi fyrir starfsfólk skólaárið 2020 – 2021 var útbúin könnun sem tók mið af skólanámskrá Rauðhóls. Þar gat fólk valið eins marga möguleika og þau vildu. Út frá niðurstöðu könnunarinnar var fræðsla á skipulagsdögum ákveðin. Einnig var reynt að velja efni fyrir skipulagsdaga sem gætu styrkt starfsfólkið okkar á þessum skrítnu tímum sem hafa verið síðast liðið ár. Ekki náðist að klára alla þætti þetta skólaár og mun því fræðsla næsta skólaárs taka mið af því sem eftir er að fjalla um ásamt þáttum í umbótaáætlun. Hér eru þeir þættir sem farið var yfir á liðnu skólaári.

Niðurstöður könnunar haust 2020.

Viðfangsefni	
Leikurinn	18
Einingakubbar	4
Flæði	20
Uppeldi sem virkar	24
Björnslundur (ýmiss viðfangsefni þar)	12
Skapandi starf	21
Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi	12
Læsi og samskipti	15
Heilbrigði og vellíðan (matartímar, hvíld)	19
Útinám	13
Sjálfbærni og vísindi	7
Mat á námi barna	13
Ferilmöppur	10
Tækni með börnum	15
Skráningar	8
Sérkennsla	11
Fjöltyngi	12
Foreldrasamstarf	15
Hópefli	17
Sjálfsstyrking	28
Tónlist	2



Á könnunarblaðinu var einnig lína fyrir starfsfólk til að koma með fleiri ábendingar um áhugaverð viðfangsefni. Þar komu fram eftirfarandi atriði: meiri listsköpun með börnum – söngur, dans og leiklist. Jákvæð líkamsímynd fyrir bæði börn og fullorðna, íþróttir barna, fræðsla um einhverfu og ítarlegri útfærsla á hvíldarstefnu fyrir eldri börnin, s.s. hugleiðsla barna (jóga-núvitund og eitthvað slíkt).

Á skipulagsdegi í október sat starfsfólk málþing um frjálsa leikinn á vegum Félags leikskólakennara. Leikurinn skoraði hátt í könnunni á meðal starfsfólks þar sem þau óskuðu eftir frekari fræðslu. Í nóvember var sameiginlegur skipulagsdagur í Árbæ og Norðlingaholti, en skólar í umræddum hverfum sameinuðust á fjarfyrirlestur. Annar fyrirlesturinn bar heitið Gleði og þrautseigja á krefjandi tímum. Sá þáttur fellur undir hópefli og sjálfstyrkingu. Í janúar var fræðsla um skráningar, ferilmöppur og mat á námi barna. Þennan dag funduðu teymi um fjöltyngi, læsisteymi og teymi um nám og mat á þroska barna. Inná þessa fundi komu ráðgjafar frá skóla- og frístundasviði og komu með innlegg um umrædd viðfangsefni.

Á skipulagsdegi í febrúar hafði starfsfólk val um tvær leiðir fyrir hádegi, annars vegar að hlusta á erindi frá Barnavernd (einn liður í umbótaáætlun var að hafa fræðslu um þann málaflokk ásamt því að kynna starfsaðferðir í Rauðhól þegar upp koma barnaverndarmál), hins vegar að hlusta á morgunverðarfund RannUng „Sterkari úr kófinu“. Eftir hádegi stóðu til boða fjórar smiðjur með mismunandi viðfangsefnum útfrá ofangreindri könnun. Viðfangsefnin voru: Barnasáttmálinn, sjálfsefning og félagsfærni, tækni með börnum og útikennsla. Vegna veikinda fyrirlesara féll smiðjan um Barnasáttmálann niður og ekki varð af útikennslunni vegna ónógrar þátttöku. Smiðjurnar um sjálfsefningu og félagsfærni ásamt tækni með börnum tókust vel og var ánægja meðal starfsfólks með fyrirkomulagið. Til viðbótar við smiðjurnar funduðu fjöltyngisteymi og læsisteymi ásamt ráðgjöfum frá skóla- og frístundasviði og miðju máls og læsis.

Þar sem sjálfstyrking skoraði hæðst í starfsmannakönnuninni var ákveðið að leita til KVAN fyrir skipulagsdaginn sem haldinn var í apríl, með þá ósk að þau útbjuggu námskeiðsdag þar sem áherslan yrði sjálfstyrking, markmiðasetning og hópefli. Almenn ánægja var meðal starfsfólks með þann dag og höfðu þau á orði að þetta hefði verið nákvæmlega það sem þau þurftu á að halda eftir erfitt ár. Þar sem þó nokkuð ber á þreytu og kulnun almennt í starfi hjá starfsfólki leikskólum landsins spyr maður sig hvort nægjanlega sé hlúð að sjálfstyrkingu og hópefli starfsfólks á skipulagsdögum. Við höfum reynt að sækja í hópstyrk í KÍ til að fara út á land með fólkið okkar þar sem dagurinn gekk út á hópefli og sjálfstyrkingu. Við föngum höfnum á þeirri beiðni sem okkur þykir miður því við teljum mjög mikilvægt að félagið leggi sitt af mörkum til að við getum unnið fyrirbyggjandi starf áður en við missum fólkið okkar í langvarandi veikindi með tilheyrandi kostnaði fyrir félagið. Er ekki mikilvægast að hafa skóla þar sem er kennarar leggja rækt við sjálfa sig og samkennara sem skilar sér inn í nemandahópinn? Rauðhóll

tók þátt í Menntastefnumóti sem haldið var 10. maí í tilefni af innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkurborgar. Útbúið var myndband í samvinnu við Mixtúru sem nefnist Draumarnir rætast í flæði. Þar vorum við að leitast eftir að sýna hvernig unnið er í leikskólanum í anda Mihaly Csikszentmihalyi í flæði. En með því að starfa eftir þessari hugmyndafræði teljum við að við náum að tengja alla þætti Menntastefnunnar inni daglegt starf okkar. Þetta stefnumót átti að vera í raunheimi í Hörpu en út af svolitlu var það ekki hægt en úr varð hinn skemmtilegasti rafræni dagur og mánuður því efnið sem boðið var uppá getum við nálgast á veraldarvefnum næstu mánuði og mun það skila sér vel í starfið hjá okkur. Þennan dag voru settir upp nokkrir skjávarpar víðs vegar í tveimur húsum hjá okkur og hafði því starfsfólk val um hvaða erindi þau vildu hlusta á þann daginn.

Starfsfólk í námi skólaárið 2020 – 2021.

Einn af þroskajálfum skólans stundar meistaranám í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður lauk meistaranámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður lauk grunnnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður er í grunnnámi í leikskólakennarafræðum.

Einn starfsmaður útskrifaðist sem leikskólaliði

Einn starfsmaður kláraði annað ár í félagsráðgjöf

Einn starfsmaður lauk viðbótarnámi við stúdentspróf í tækni- og verkfræðigrunni

Einn starfsmaður stundaði nám við FÍH

Námskeið 2020 - 2021:

Einn leikskólakennari fór á námskeið hjá EHÍ í sálræn áföll/áfallamiðuð nálgun og þjónusta.

Tveir leikskólakennarar sóttu rafrænan fund fyrir starfsfólk leikskóla með Barnavernd Reykjavíkur.

Einn þroskajálfí sótti vornámskeið Greiningarstöðvarinnar sem haldin var sl. haust.

Einn þroskajálfí fór á rafrænt AEPS námskeið hjá Greiningarstöðinni

Fjórir kennarar sátu rafrænt námskeið hjá Ingrid Kuhlman

Annar matráður skólans sótti námskeið um gæði og öryggi við meðferð matvæla

Starfsfólk var duglegt að sitja hin ýmsu rafrænu námskeið sem boðið var uppá hjá Reykjavíkurborg



7.2 Skólaárið 2021 – 2022.

Símenntun

Skipulagsdagar verða nýttir í símenntun og fræðslu fyrir starfsfólk og verður mið tekin af niðurstöðum fyrrgreindrar könnunar. Eftirfarandi atriði verða tekin fyrir og munu þau vera settir niður á dagsetningar í samráði við fyrirlesara. Guðlaug Svala Kristjánsdóttir verkefnastjóri mun koma og fjalla um fjölbreytileika einhverfunar. Sérkennslustjórarnir okkar munu vera með erindi um uppeldi sem virkar ásamt því að fræða okkur um sérkennsluna. Útinámssérfræðingurinn okkar mun bjóða uppá fræðslu um útinám og einnig hin ýmsu viðfangsefni sem eru í boði í Björnslandi. Við höfum samið við Emilíu Rafnsdóttur til að koma og vera með erindi um Barnasáttmálann. Fyrsti skipulagsdagur og starfsmannafundur á nýju skólaári verða tileinkaðir því að fara vel í gegnum foreldrasamstarf en Hildur Eyjólfsdóttir okkar helsti sérfræðingur í þeim málaflokk mun halda erindi um þann málaflokk. Einnig munum við fá sjúkrabjálfa til að fara yfir líkamsbeitingu ásamt því að fá námskeið frá Happy Hips.

Við fengum styrk úr Sprotasjóði sem ber heitið Leikur að læsi í gegnum einingakubba. Því mun fræðsla um einingakubba vera samofið inni alla fræðslu á næsta skólaári. Bæði mun okkar helsti sérfræðingur í einingakubbum hún Ingibjörg Jónasdóttir leikskólakennari vera með erindi um einingakubba og einnig munum við kalla inn fleiri sérfræðinga til halda erindi fyrir okkur.

Næsta vetur verður lögð áhersla á að skapa aðstæður fyrir læsisteymið, fjöltyngisteymið og teymi um nám og þroska barna að þau geti hist reglulega og mótað stefnu fyrir skólann í þessum málaflokkum. Einnig munu þau vera með innlegg fyrir starfsfólkið sem snýr að þessum flokkum. Mikill áhugi er á að fá fræðslu um hinseginleika til að skoða með hvaða hætti við getum orðið hinseginvænni vinnustaður.

Stefnan er sett á að nýta tvo skipulagsdaga þ.e. 25. og 27. maí og fara í námsferð til Stokkhólms. Þar munu vera skoðaðir skólar sem hafa sérhæft sig í notkun og framsetningu á opnum efnivið ásamt skapandi starfi.

Starfsfólk í námi

Fjórir starfsmenn munu stunda nám í leikskólafræðum

Einn starfsmaður ætlar að klára master í grunnskólafræðum

Einn starfsmaður ætlar að klára stúdentspróf

Einn starfsmaður mun halda áfram námi við FÍH

Einn starfsmaður verður í námi í verkefnastjórnun

Einn starfsmaður mun halda áfram námi í félagsráðgjöf



8 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarf Rauðhóls og Norðlingaskóla hefur þróast jafnt og þétt í gegnum árin og er kominn fastur grunnur að því samstarfi. Samvinna er á milli elsta árgangs leikskólans og yngsta árgangs grunnskólans með það að markmiði að kynna umhverfi grunnskólans fyrir leikskólabörnunum. Innangengt er á milli Ævintýra og Norðlingaskóla og teljum við að það sé ávinningur fyrir börnin. Þau aðlagast betur umhverfi grunnskólans og því verður flutningur á milli skólastiga auðveldari. Samstarfið fer meðal annars fram í smiðjum að vori þar sem fyrsta bekk grunnskólans er boðið yfir í leikskólann og elstu börnin okkar fara í heimsókn í grunnskólann. Í smiðjum tökum við fyrir ákveðin verkefni eða þemu, t.d. um húsdýrin, og unnið er á mörgum stöðvum. Sem dæmi má nefna íþróttasal Norðlingaskóla, Björnslund, frístundaheimilið Klapparholt og leik- og kennslustofur Rauðhóls og Norðlingaskóla. Börnunum er skipt upp í smærri hóp og er einn kennari frá hvorum skóla sem halda sameiginlega utan um hvern hóp. Sú hefð hefur skapast að þessir árgangar hittist einnig einn dag í desember og vinni saman verkefni tengd jólunum eins og t.d. að spila, föndra og fara í gönguferðir. COVID-19 kom niður á samstarfi skólanna. Aðeins var ein heimsókn frá Rauðhól í Norðlingaskóla á vorönn í staðinn fyrir smiðjurnar. Í þeirri heimsókn fóru börnin í íþróttasalinn og í kennslustofur fyrsta bekkjar.

Nálægð Ævintýra og Norðlingaskóla ýtir undir frekari samvinnu þar sem stutt er að fara á milli. Má þar nefna sýningar á vegum nemenda grunnskólans, nýting á íþróttahúsi, heimsóknir á bókasafn skólans ásamt því að fara út á skólalóð. Einnig koma nemendur af miðstigi í leikskólann og lesa fyrir börnin á degi íslenskrar tungu. Í nokkur ár hefur verið samstarf milli Rauðhóls og unglingastigs Norðlingaskóla þar sem Leikskólaval hefur verið í boði fyrir 8.-10. bekk. Leikskólinn tekur þá á móti allt að 10 nemendum unglingastigs í alls 16 tíma yfir önnina og hefur þetta fyrirkomulag gefist vel.

Skilafundir eru að vori þar sem deildarstjórar hitta umsjónarkennara, sérkennara og forstöðumann frístundaheimilis og farið er yfir barnahópinn. Þær upplýsingar sem fylgja eru niðurstöður úr HLJÓM-2 prófum og farið er yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Norðlingaskóla hafa leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til þess að geta stutt betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu. Áhugi er fyrir því að efla enn frekar samstarfið á milli Rauðhóls og Norðlingaskóla.



9 Foreldrasamvinna

9.1 Foreldrafélag skólaárið 2020 – 2021:

Auður Hafþórsdóttir

Daldís Ýr Guðmundsdóttir

Eva Björk Ásgeirsdóttir

Eva Valsdóttir

Kristín Jónsdóttir

Foreldrafélag skólans tók þá ákvörðun að rukka ekki gjöld fyrir félagið á COVID tímabilinu.

9.2 Foreldraráð skólaárið 2020 – 2021:

Helgi Már Hrafnkelsson

Hulda Gísladóttir

Magnús Árnason

Þóra Atladóttir

Framangreindir aðilar munu vera áfram í ráðinu skólaárið 2021 - 2022.

Lykillinn að vellíðan barna í leikskólanum er farsælt og gott samstarf milli kennara og foreldra. Grunnurinn að þessu samstarfi er lagður með heimsókn til barnanna. Áður en barnið byrjar í leikskólanum fara tveir kennarar saman til að mynda fyrstu tengsl við fjölskylduna á þeirra heimavelli. Með því teljum við að við myndum dýpri og betri tengsl við barnið og foreldrana. Í þessari heimsókn er farið með pappíra til útfyllingar sem eru skildir eftir hjá foreldrum og þeim er skilað í upphafi aðlögunar. Þarna eru meðal annars almennar upplýsingar um barnið, samþykki fyrir myndbirtingum af barninu og samþykki fyrir samstarfi milli leikskóla og heilsugæslu. Einnig er aðlögunaráætlun skilin eftir hjá foreldrum.

Í upphafi skólagöngunnar eru foreldrum veittar upplýsingar um að við störfum samkvæmt aðalnámskrá leikskóla. Út frá aðalnámskránni unnum við okkar eigin námskrá og starfsáætlun sem er aðgengileg á heimasíðu skólans.

Áhersla er lögð á að gefa foreldrum tíma og hlusta vel á hvað þeir hafa fram að færa ásamt því að við veitum þeim ráð oftast en sjaldnar. Mikilvægt er að við berum virðingu fyrir stöðu allra foreldra. Eins að



foreldrar séu upplýstir um að virðing sé borin fyrir öllum í skólanum og þeirra aðstandendum og mikilvægt sé að þeir geri það einnig.

Allt upplýsingaflæði til foreldra er mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Að senda glaðlega og innihaldsríka tölvupósta er þar stór þáttur ásamt því að foreldrar fái að skyggjast inn í daglegt líf í skólanum. Það er gert með því að senda myndir frá daglegu starfi. Einnig að tími sé vel nýttur þegar verið er að koma með og sækja börnin með því að segja frá einhverjum skemmtilegum atvikum. Eins þarf að komast að samkomulagi við foreldra um hvernig best fari á því að flytja upplýsingar.

Á aðlögunartímabilinu bjóða leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjórar uppá nokkra fámenna fundi með foreldrum þar sem fram fer létt spjall um leikskólastarfið. Árgangafundir að hausti eru einnig mikilvægur þáttur í foreldrasamstarfi. Þar er rætt um áherslur í starfi og helstu viðburði skólaársins. Ef upp kemur óánægja hjá foreldrum varðandi eitthvað sem tengist skólanum eða þeirra barni er mikilvægt að setjast strax niður með þeim og leysa úr málunum og fylgja þeim eftir.

Einu sinni á ári er boðið upp á foreldrasamtal þar sem farið er yfir líðan og almennan þroska barnsins. Í því samtali er stuðst við sömu viðmið og innan heilsugæslunnar. Einnig gefst foreldrum kostur á að koma með athugasemdir eða óskir. Þess á milli er kallað á foreldra í samtal þegar þurfa þykir og geta foreldrar líka óskað eftir samtali hvenær sem er.

Útskriftarviðtal fer fram að vori hjá fimm ára börnum ásamt foreldrum. Fyrir viðtalið eru kennari og barn búin að setjast niður og spjalla saman og undirbúa sig fyrir viðtalið. Í viðtalinu er farið yfir hvernig barninu líður í leikskólanum, vinatengsl, hvað því finnst skemmtilegt að gera og hvort eitthvað vanti. Það er hlustað á raddir barnanna í þessum viðtölum og reynt eftir bestu getu að koma til móts við óskir þeirra.



10 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar kennara skólaárið 2021 - 2022 eru eftirfarandi:

Hautönn 2021

Föstudaginn 20. ágúst: Foreldrasamstarf – Líkamsbeiting – Undirbúningur á deildum

Mánudagurinn 27. september: Hinsegin – Uppeldi sem virkar – Björnslundur – Deildafundir

Föstudagurinn 19. nóvember: Hinsegin – Björnslundur – Deildafundir

Vorönn 2022

Mánudagur 7. febrúar: Einhverfufræðsla – Happy Hips - Barnasáttmálinn – Deildafundir - Leikskólaráðstefna

Miðvikudagurinn 25. maí: Námsferð til Stokkhólms

Föstudagurinn 27. maí: Námsferð til Stokkhólms

Starfsmannafundir skólaárið 2021 – 2022 eru eftirfarandi:

Mánudagur 18. október: Deildafundir – Starfsmannafundur - Einingakubbar

Þriðjudagur 11. janúar: Deildafundir – Starfsmannafundur - Einingakubbar

Miðvikudagur 16. mars: Deildafundir – Starfsmannafundur - Einingakubbar

Fimmtudagur 9. júní: Deildafundir – Starfsmannafundur - Einingakubbar



11 Fylgigögn

11.1 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans Rauðhóls

Guðrún Sólveig

1. júlí 2021

Leikskólastjóri

Dagsetning



Fylgiskjal 3

Starfsáætlun 2021 – 2022 **Rauðhóll**

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Helgi Már Hrafnkelsson

Hulda Gísladóttir

Magnús Árnason

Póra Atladótti



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráðið er heilt yfir ánægt með starfsemi Rauðhóls og fagnar þeim árangri sem náðist á starfsárinu 2020-2021 en það eru engar ýkjur að segja að starfsfólk og aðrir hafi glímt við oft erfiðar aðstæður og aðstæður sem við höfum ekki reynt af að takast á við. Þetta tókst afar vel. Við óskum Guðrúnu Sólveigu leikskólastjóra til hamingju með hvatningarverðlaun sem hún hlaut fyrir framúrskarandi forystu í starfi leikskólans og jafnframt öllum með verðlaun fyrir verkefnið „Leyndarmál Rauðhóls gleðinnar“. Þessi verðlaun eru sannarlega verðskulduð.

Foreldraráðið er sérstaklega ánægt með hve vel hefur tekist til við að taka á móti ungum börnum á Rauðhóli. Það er þekkt vandamál sem foreldrar hafa staðið frammi fyrir að brúa bilið þegar fæðingarorlofi lýkur og þar til barnið kemst á leikskóla og allur gangur á því hvort foreldrar kjósa að setja barn/börn til dagforeldris áður en leikskólaganga hefst eða beint á leikskóla.

Hvíldarstefnan er vel útfærð og við í ráðinu erum sérstaklega ánægð með hvernig brugðist er við misjöfnum þörfum barnanna og áhersla lögð á að mæta þörfum hvers og eins barns, t.d. með sögum sem börnunum finnst áhugaverðar, hugleiðslu o.fl. Þá gafst börnum á eldri deildum tækifæri til að tjá sig um hvernig þau vildu hafa hvíldina og þeirra hugmyndir voru svo í framhaldi framkvæmdar eftir atvikum. Þetta finnst okkur vera frábær leið til að mæta þeim börnum sem finnst erfitt eða ekki skemmtilegt að fara í hvíldina. Jafnframt er ánægjulegt að sjá í starfsáætluninni að upplifun flestra barnanna af hvíldinni virðist vera jákvæð og við erum sammála leikskólastjóra um mikilvægi hennar. Við tökkum einnig undir upplifun foreldra um ánægju barnanna með sögurnar sem þau fá að hlusta á í hvíldinni.

Ánægjulegt er hvað leikskólinn kom vel út úr ytra mati. Ráðið er sammála áherslu á að verklagsreglur séu til og aðgengilegar um verlag við móttöku nýliða og tilkynningaskyldu og jafnframt þeirri áherslu að kynna þær með skilvirkum hætti fyrir starfsfólki. Þá er ráðið sérstaklega ánægt með áhersluna á ritmál og tækifærum til umbóta þar sem bent er á í ytra mati. Ráðinu er kunnugt um að þegar hafa liðir í þessu verið framkvæmdir, t.a.m. að merkja allan efnivið með bókstöfum og myndum og setja upp bókstafi og tölustafi á allar deildir. Þá teljum við sérstaklega gagnlegt að gera áætlun um mat á námi og velferð barnanna og að skráningar verði gerðar á framförum þeirra. Einnig áhersluna á þátttöku barnanna við mat á námi, markmiðum og reglum þegar það á við.

Veturinn 2020-2021 var að mörgu leyti erfiður en hann hófst með verkfalli Eflingar og við erum sammála leikskólastjóra um hörkuna sem einkenndi það verkfall. Við tók samgöngubann vegna COVID-19 og við erum sammála um að skipulag hafi verið afar gott en áskoranir margar og viljum hrósa starfi leikskólans á tímum COVID-19.

Við fögnum því að starfsmenn hafi setið fjarfund um „Gleði og þrautseigju á krefjandi tímum“ sem var liður í hópefli og sjálfsstyrkingu og hefur án efa verið kærkomið meðal starfsmanna. Við erum sammála um að önnur námskeið og fyrirlestrar sem starfsmenn tóku þátt í á starfsárinu hafi verið viðeigandi í ljósi aðstæðna og starfsáætlunar. Gleðilegt er að sjá ánægju starfsmanna með KVAN daginn og hversu vel heppnað menntastefnumótið var. Við erum sammála leikskólastjóra um mikilvægi hópeflingar og



þykir miður að neitun hafi fengist frá KÍ um hópstyrk fyrir hópeflisferð úti á landi. Þá er ánægjulegt að sjá hversu margir starfsmenn voru í námi og útskrifuðust.

Við leggjum til að áætlun verði gerð um nýjar aðferðir við að kynna viðhorfskönnun og mikilvægi hennar með það markmið að auka þátttöku starfsmanna.

Við erum ánægð með samstarf leikskólans og skólans og hvernig sú samvinna hefur þróast. Við erum sannfærð um að þetta hjálpi börnunum við að færast úr leikskóla í skóla. Jafnframt finnst okkur frábært framtak að fá nemendur af miðstigi til þess að lesa fyrir börnin í leikskólanum og einnig leikskólavalið fyrir 8.-10.bekk.

Okkur þykir dýrmætt að fá upplýsingar um hvað á dagana drífur og myndir í því formi sem leyfilegt er og viljum hrósa starfsfólki leikskólans fyrir dugnað hvað þetta varðar. Þetta var sérstaklega mikilvægt í samgöngubanninu þegar foreldra misstu að einhverju leyti tengingu við leikskólastarfið þegar ekki var leyfilegt fyrir þá að koma inn í leikskólann. Þá erum við sammála um hvað vinafundirnir eru frábærir og virkilega ánægjulegt fyrir foreldra að horfa á upptökur af þeim.

Við vonum að verið sé að vinna með ábendingar um Völuna og að sá hugbúnaður komi til með að nýtast betur en til þess að svo verði er nauðsynlegt að viðmótið sé gott og þægilegt fyrir starfsmenn að nota.

Hvað varðar viðhaldi á húsnæði og starfsaðstöðu teljum við afar mikilvægt að ráðist verði í frekari framkvæmdir til þess að stöðva leka í húsum sem geta haft alvarlegar heilsuspillandi afleiðingar eins og þekkt er. Við fögnum því að bæta eigi vinnuaðstöðu í eldhúsi og teljum jafnframt mikilvægt að ráðist verði í lagfæringar á leiksvæði Ævintýranna en, eins og fram hefur komið, myndast reglulega stórt drullusvað á lóðinni. Okkur er kunnugt um að það standi til að laga lóðina og fögnum því. Við erum jafnframt sammála leikskólastjóra um mikilvægi þess að viðhalda Björnslund, sem er einn af þeim þáttum sem gerir leikskólann Rauðhól alveg sérstakan og er svo dýrmætur staður fyrir börnin og jafnframt góð leið til að nýta dásamlegt umhverfi Norðlingaholts.

Við höfum mikinn skilning á áhyggjum hvað varðar eitt leyfisbréf fyrir öll skólastigin og vonum að sjálfsögðu að það valdi því ekki að leikskólakennarar færi sig yfir á hin skólastigin en hættan á því blasir við.

Áhugavert verður að sjá hvaða áhrif stytting vinnuvikunnar mun hafa á leikskólastarfið, viðveru barna á leikskólum, teymisvinnu innan leikskólans á.ö. Strax hefur verið brugðist við með því að teymin innan leikskólans starfi ekki öll í einu og teljum við það vera skynsamlega lausn.

Okkur finnst það flott framtak og heilsueflandi að hafa starfsþróunar samtölin í gönguferðum.

Við í foreldraráðinu erum heilt yfir ánægð með störf leikskólans og þær áherslur til umbóta sem framundan eru. Við þökkum gott samstarf og þann metnað sem lagður er í góða samvinnu milli foreldra og leikskólans.



Skóladagatal 2021 - 2022

Nafn skóla:

Rauðhóll

ÁGÚST		SEPTEMBER		OKTÓBER		NÓVEMBER		DESEMBER		JANÚAR		FEBRÚAR		MARS		APRÍL		MAÍ		JÚNÍ		
1	S		1	M		1	F		1	M	Fullveldisdagurinn	1	L	Nýársdagur	1	Þ		1	Þ		1	M
2	M	Frídagur verslunarmanna	2	F		2	L		2	F		2	S		2	M		2	M		2	F
3	Þ		3	F		3	S		3	F		3	M		3	F		3	F		3	F
4	M		4	L		4	M		4	F		4	Þ		4	F		4	F		4	L
5	F		5	S		5	Þ		5	F		5	S		5	M		5	L		5	S
6	F		6	M		6	M		6	L		6	M		6	F	Þrettándinn	6	S	Dagur leikskólans	6	S
7	L		7	Þ	Foreldrafundur á Litum	7	F		7	S		7	Þ		7	F		7	M	Skipulagsdagur	7	M
8	S		8	M	Dagur læsis/Foreldraf. Lit.	8	F		8	M	Baráttudagur gegn einelti	8	M		8	L		8	Þ		8	Þ
9	M		9	F		9	L		9	Þ		9	F	Jólamatur barna	9	S		9	M		9	M
10	Þ	Skólaár hefst	10	F		10	S		10	M		10	F		10	M		10	F		10	F
11	M		11	L		11	M		11	F		11	L		11	Þ		11	F	Dagur íslenska táknmálsins	11	F
12	F		12	S		12	Þ		12	F		12	S		12	M		12	L		12	L
13	F		13	M		13	M		13	L		13	M		13	F		13	S		13	S
14	L		14	Þ		14	F		14	S		14	Þ		14	F		14	M	Bolludagur	14	M
15	S		15	M		15	F	Menntakvika	15	M		15	L		15	Þ	Sprengidagur	15	Þ		15	Þ
16	M		16	F	Dagur ísl. náttúru/Foreldraf.	16	L		16	Þ	Dagur íslenskrar tungu	16	F		16	S		16	M	Öskudagur	16	M
17	Þ	Foreldrafundur á Ævintýrum	17	F		17	S		17	M		17	F	Jólagleði barna	17	M		17	F		17	F
18	M		18	L		18	M		18	F		18	L		18	Þ		18	F		18	F
19	F		19	S		19	Þ		19	F	Skipulagsdagur	19	S		19	M		19	L		19	L
20	F	Skipulagsdagur	20	M		20	M		20	L	Dagur mannréttinda barna	20	M		20	F		20	S	Konudagur	20	S
21	L		21	Þ		21	F		21	S		21	Þ	Bóndadagur/Bóndagskaffi	21	M		21	M		21	M
22	S		22	M		22	F		22	M		22	L		22	Þ		22	Þ		22	Þ
23	M		23	F		23	L	Fyrsti vetrardagur	23	Þ		23	F	Þorláksmessa	23	S		23	M		23	M
24	Þ		24	F		24	S		24	M	Aðfangadagur jóla	24	M		24	F		24	F		24	F
25	M		25	L		25	M		25	F		25	L	Jóladagur	25	Þ		25	F	Konudagskaffi	25	F
26	F		26	S	Evrópski tungumáladagurinn	26	Þ		26	F		26	S	Annar í jólum	26	M		26	L		26	L
27	F	Foreldrafundur á Litum	27	M	Skipulagsdagur	27	M		27	L		27	M		27	F		27	S		27	S
28	L		28	Þ		28	F		28	S		28	F		28	M		28	M		28	M
29	S		29	M		29	F		29	M		29	L					29	Þ		29	Þ
30	M	Foreldrafundur á Litum	30	F		30	L		30	Þ		30	F		30	S		30	M		30	M
31	Þ				31	S			31	F	Gamlársdagur	31	M					31	F			

Í reglum um leikskólaþjónustu segir:

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfsfólks eða frídagar nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld lækka ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólum Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákveður, að höfðu samráði við starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opinn allt sumarið eða loki samfellt í tíu til tuttugu virka daga. Stefna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólastjórnendur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.